Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Fundargerðabók Félags byggingarefnakaupmanna
# 31. mars 1930 til 2. mars 1968

Kaupmannasamtök Íslands – Fundargerðir – Félag byggingarefnakaupmanna – Stofnfundur

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

borgarskjalasafn.is

Einkaskjalasafn nr. 316
Flokkur A - Fundargerðir
Askja A-18

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Fél. ísl. byggingarefnakaupm.

Félag byggingarefnakaupmanna.

Stofnfundur 1930

1930 - 1968.

Reykjavíkur

400-

400
60
40

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Gjörðabók

Félags íslenzkra
byggingarefnakaupmanna

1930 - 1968.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Stofnfundur

í félagi íslenzkra byggingarefna-kaupmanna var haldinn mánu-daginn 31. marz 1930 á skrifstofu J. Þorláksson & Norðmann.

Mættir á fundinum voru: Jón Þorláksson, Óskar Norðmann, Kjartan Gunnlaugsson (fyrir Helga Magnússon & Co), Sveinn M. Sveinsson (fyrir H/f Völund), Julius Schopka (fyrir Einarsson & Funk), Jóhannes Reykdal, Árni Jónsson, Guðmundur Einarsson (f. H/f Dverg), Ísleifur Jónsson og Þorlákur Björnsson (f. H. Benediktsson & Co).

Fundarstjóri var kosinn Jón Þorláksson, ritari Þorl. Björnsson. Lagt var fyrir fundinn uppkast til laga fyrir félagið, ennfremur samþykkt um lánsverzlun. Eftir nokkurar umræður bar fundarstjóri

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

upp fyrir fundarmenn eftirfarandi
„samþykkt um lánsverzlunarskilmála",
og var hún samþ. grein fyrir grein
og í heild lagi, af öllum fundar-
mönnum.

## Samþykkt
## um lánsverzlunarskilmála.

### 1. grein.

Félag íslenzkra byggingarefnakaup-
manna samþykkir, að eftirfarandi
lánsverzlunarskilmálar skuli vera
bindandi fyrir alla félagsmenn í
viðskiftum við kaupmenn og aðra
viðskiftamenn þeirra hér á landi.

### 2. grein.

Ef viðskiftamaður hefir eigi
staðið í skilum með greiðslu við
kaupmann má kaupmaður tilkynna
vanskilin til stjórnar eða skrifstofu
félagsins. Er þá skrifstofunni skylt
að tilkynna þetta þegar í stað öllum

félagsmönnum. Má þá enginn félags-
maður selja vanskilamanni vörur,
nema gegn staðgreiðslu, þar til
skrifstofan hefir aftur tilkynnt,
að skil hafi verið gerð á greiðslu.
Allir félagsmenn eru skyldir að
taka til greina tilkynningar um
vanskil frá hvaða félagsmanni
sem er, munnlega eða skriflega, en
skrifstofan skal jafnan staðfesta
slíkar tilkynningar bréflega.

### 3. grein.

Telji einhver, að viðskiftamaður
sé ranglega talinn vanskilamaður,
má kæra það til stjórnar félagsins.
Skal stjórnin þá útnefna einn mann
úr sínum hópi til að rannsaka
málavöxtu. Skal hann síðan gefa
stjórninni skýrslu; og fellir hún
síðan úrskurð um kæruna. Fundar-
samþykkt félagsmanna þarf þó

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til að beita sektarákvæði 4. greinar.
Ef félagsmaður tilkynnir vanskil að ástæðulausu, skal sá félagsmaður ábyrgjast gagnvart stjórninni allar afleiðingar, ef málaferli verða úr.

4. grein.

Allir meðlimir í Félagi íslenzkra byggingarefnakaupmanna skulu skyldir til að hlýða ákvæðum þessarar samþykktar, meðan þeir eru í félaginu. Hver sá, sem sannur verður að sök um brot á samþykktinni, skal greiða 1000 – eitt þúsund króna – sekt fyrir hvert brot. Skal öllum félagsmönnum skylt að samþykkja við upptöku í félagið byggingarvíxil fyrir þeirri upphæð til greiðslu við sýningu, sem geymist á skrifstofu félagsins. Sektarfé skal ganga til greiðslu á tapi af kröfu þess félagsmanns, sem kært hefir vanskil hjá þeim manni, er lögbrjótur hefir skift við, en nemi það hærri upphæð en tapinu, rennur það sem umfram er í félagssjóð.

5. grein.

Öllum félagsmönnum skal skylt að láta prenta á alla reikninga, nótur og úttektarsamninga svohljóðandi ákvæði: „Öll viðskifti eru háð skilmálum "Félags íslenzkra byggingarefnakaupmanna."

6. grein.

Stjórninni skal heimilt að ráða til aðstoðar sér mann til að framfylgja samþykkt þessari, og má hún jafna þeim kostnaði niður á félagsmenn, ef fé er ekki nægilegt í sjóði, þó ekki hærri upphæð en 100 kr. á hvern félagsmann á ári.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. grein.

Samþykkt þessi gengur í gildi 1. apríl 1930 og er bindandi fyrir viðskifti stofnuð eftir þann tíma. Gildir samþykktin til eins árs.

Borið var upp og samþykkt með öllum atkvæðum eftirfarandi bráðabirgðaákvæði við framangreinda samþykkt um lánsverzlunarskilmála: Þangað til öðruvísi kynni að verða berlega ákveðið, verður ekki álitið, að félagsmaður gerist brotlegur gegn 2. grein, þótt hann haldi áfram að fullnægja skriflegum samningi um vörulán til viðskiftamanns, sem lendir í vanskilum, ef samningur var gerður áður en tilkynnt var um þau vanskil.

Fundarstjóri bar þvínæst upp fyrir fundarmenn eftirfarandi lög fyrir félagið, er samþykkt voru, grein fyrir grein og í heilu lagi, með öllum atkvæðum.

# Lög

fyrir Félag íslenskra byggingarefnakaupmanna.

1. grein.

Félagið heitir: „Félag íslenzkra byggingarefnakaupmanna". Heimilisfang þess er í Reykjavík. Reikningsár þess er almanaks-árið.

2. grein.

Markmið félagsins er að gæta hagsmuna félagsmanna, einkum að því er snertir lánsverzlun.

3. grein.

Meðlimir geta allir byggingarefna-kaupmenn og félög í Reykjavík,

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hafnarfirði og nágrenni orðið, ef þeir fullnægja þeim skilyrðum sem stjórn félagsins telur nauðsynleg, og stjórnin samþykkir inntökubeiðnina í einu hljóði. Ef svo er ekki skal bera inntökubeiðnina undir félagsfund. Á fundum félagsins ræður einfaldur meiri hluti atkvæða úrslitum. Til þess að slíta félaginu og breyta lögum þess og samþykktum, þarf þó samþykki 3/4 hluta fundarmanna. Til félagsfunda skal boða með tilkynningu í pósti með minnst þriggja daga fyrirvara, og eru félagsfundir lögmætir, hversu fáir sem mæta. Dagskrár sé getið í fundarboði.

4. grein.

Félaginu stjórnar þriggja manna stjórn og 2 til vara, kosin á aðalfundi til eins árs í senn. Aðalfundur kýs formann stjórnarinnar, en að öðru leyti skiftir stjórnin með sér störfum.

5. grein.

Stjórnin annast allar framkvæmdir milli félagsfunda. Boðar formaður til stjórnarfunda eins oft og þurfa þykir, og eru stjórnarfundir lögmætir, ef meiri hluti stjórnar mætir.

6. grein.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok marzmánaðar ár hvert. Á aðalfundi skal stjórnin gefa skýrslu um starfið á síðasta starfsári. Þá skal leggja fram endurskoðaða reikninga, kjósa stjórn og 2 varamenn. Ennfremur tvo endurskoðendur og 1 varamann. Enginn getur sagt sig úr félaginu nema á aðalfundi.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. grein.

Félaginu verður aðeins slitið á aðalfundi, og skiftist sjóðseign þess þá jafnt milli félagsmanna. Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi.

Þá fór fram stjórnarkosning. Formaður var kosinn Jón Þorláksson og í stjórn með honum þeir Sveinn M. Sveinsson og Kjartan Gunnlaugsson. Varamenn voru kosnir Óskar Norðmann og Árni Jónsson. Endurskoðendur Julius Schopka og Þorlákur Björnsson, og sem varamaður Ísleifur Jónsson.

Með því að ákveðið hafði verið að félagsmenn prenti eða stimpli á alla reikninga sína, að öll viðskifti séu háð framangreindri samþykkt um lánsverzlunar-skilmála, var stjórninni falið að útvega nú þegar nægilega marga stimpla fyrir félagsmenn. Ennfremur var stjórninni falið að leita til Carls Proppé um að hann taki að sér væntanlegt eftirlit fyrir félagsmenn.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Jón Þorláksson

Sveinn M. Sveinsson

Kjartan Gunnlaugsson

Þorlákur Björnsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Undirritaðir byggingarefnakaupmenn og firmu ganga hér með í félag íslenzkra byggingarefnakaupmanna, og skuldbinda sig til að hlýða framangreindri „Samþykt um lánsverslunarskilmála“ og lögum fyrir félagið, svo og þeim ákvæðum sem löglega eru sett fyrir félagið á hverjum tíma.

Reykjavík, í maí 1930

J. Þorláksson & Norðmann
Jón Þorláksson

H.f. Völundur
Sv. M. Sveinsson

pr. H/f. Dvergur
Guðm. Einarsson

Helgi Magnússon & Co.

Hjalti Gunnlaugsson

H. Benediktsson & Co.

pp. Hf. Skógur
Páll Ólafsson

H. Einarsson & Funk

Jes Zimsen

Timburverslun Árna Jónssonar
Árni Jónsson

f.h. „Málarinn“
P. Guðmundsson

pr. pr. Mjólkurfélag Reykjavíkur
[illegible]

Helgi Jónsson

(~~Jóh. J. Reykdal~~ 7/4.32)

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1930, hinn 23. maí, hélt stjórnin fund í Bankastr. 11.

1. Formaður skýrði frá því að útvegaðir hefðu verið stimplar handa félagsmönnum samkv. ákvæðum samþyktarinnar.
2. Form. skýrði frá því, að Carl Proppé hefði tjáð sig fúsan til að takast á hendur eftirlitsstarf fyrir félagið (tilkynningar samkv. 2. gr. samþyktarinnar), fyrir 30-35 kr. borgun á mánuði. Var samþykt að ganga að þessu.
3. Útbúnir 3 undirritaðir tryggingavíxlar til samþyktar fyrir félagsmenn samkv. 4. grein samþyktarinnar.

Fleira var ekki gjört

Fundi slitið

Jón Þorláksson
Kjartan Gunnlaugsson
Sv. M. Sveinsson

Eftir að stjórn fjelagsins hafði komið saman nokkrum sinnum án þess að fundargerðir væru bókaðar, var fundur haldinn 12. maí, og settur fyrir að ákveða um greiðslu á reikning frá Carl Proppé fyrir vinnu hans í þágu fjelagsins, að upphæð Kr. 729.00. Var samþykt að greiða reikninginn og gjaldkera jafnframt falið að sjá um innheimtu þessa kostnaðar hjá fjelagsmönnum, sem sje Kr. 81.00 hjá hverjum.

Ákveðið var að fjelagsmenn komi saman til aðalfundar á Hotel Ísland sunnudaginn 22. maí.

Fleira var ekki gjört.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson    Kjartan Gunnlaugsson
Sveinn M. Sveinsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 22. maí 1932 var haldinn aðalfundur fjelagsins á Hotel Ísland.
Samþykt var með öllum greiddum atkvæðum að: Samþykt um lánsverzlunarskilmála sem gerð var í maí 1930 skuli gilda óbreytt þar til öðruvísi verður ákveðið.
Rætt var um að æskilegt væri að fjelagsmenn kæmu oftar saman til skrafs og ráðagerða um málefni fjelagsins.
Þá fór fram stjórnarkosning. Formaður var kosinn Jón Þorláksson, og í stjórn með honum þeir Sveinn M. Sveinsson og Kjartan Gunnlaugsson. Varamenn voru kosnir Óskar Norðmann og Niels Karlsson. Endurskoðendur Julius Schopka og Þorlákur Björnsson, og sem varamaður Ísleifur Jónsson. Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.
Jón Þorláksson   Sv. M. Sveinsson   Kjartan Gunnlaugsson

Hinn 11. oktober 1934 kom stjórn fjelagsins saman á fund.
Lagður var fram reikningur frá Carl Proppé fyrir starf hans í þágu fjelagsins, að upphæð Kr. 725,20, og var samþykt að greiða hann, og formanni falið að innheimta þessa upphæð hjá fjelagsmönnum.
Ennfremur var formanni falið að segja C. Proppé upp þessu starfi frá 15. maí s.l. að telja.
Lagt var fram brjef frá Verzlunarráði Íslands dags. 3. oktob. þar sem óskað var umsagnar fjelagsins um hin nýju stjórnarfrumvörp.
Samþykt að útvega umrædd frumvörp, leggja þau fyrir stjórnarfund og síðan aðalfund.
Ákveðið að halda stjórnarfund í næstu viku og taka þar ákvörðun um hvenær aðalfundur skuli haldinn.
Fundi slitið.
Ó Norðmann   Sv. M. Sveinsson   Kjartan Gunnlaugsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Aðalfundur 1934.-

Árið 1934, hinn 8. nóv., var aðalfundur haldinn kl. 8 að kveldi á skrifstofu J. Þorláksson & Norðmann.

Formaður skýrði frá stjórnarstörfum.-

Stjórnarkosning: Núverandi stjórn endurkosin með samhljóða atkvæðum.- (Formaður Ó. Norðmann, meðstjórnendur Sveinn M. Sveinsson og Kjartan Gunnlaugsson.) Varastjórnendur: Níels Carlsson, og Guðm. Einarsson, Hafnarfirði.-

Endurskoðendur: Jul. Schopka, Þorlákur Björnsson, og til vara Leifur Jónsson.-

Formanni falið að annast um tilkynningar á verslunarmönnum, í stað Carls Proppé, gegn gjaldi er stjórnin samþykki.-

Stjórninni falið að bjóða inntöku í fjelagið þeim verslunum í Reykjavík og Hafnarfirði, er reka verslun með byggingarefni sjerstaklega.-

Samþykt að „Samþykt um lánsverslunarskilmála" sem gerð var í maí 1930, gildi óbreytt þar til öðruvísi verður ákveðið.

Var síðan rætt á víð og dreif um fasteignaveðlán og veðdeildarbrjef, en engin sjerstök fundarályktun gerð. Stjórninni þó falið að veita þeim málum nánari athygli.-

Fundi slitið, þar eð fleira var eigi tekið fyrir.

Óskar Norðmann    Sveinn M. Sveinsson

Hinn 1. ágúst 1935 var almennur meðlimafundur í fjelaginu settur og haldinn á skrifstofu firmans J. Þorláksson & Norðmann, til þess að ræða um innflutningshöftin og þau viðskiftavandræði sem af þeim leiðir.

Fyrst var tekin ákvörðun um að taka þátt í stofnun Fjelagsráðs innan Verzlunarráðs Íslands, og voru kosnir til þess 2 fulltrúar, þeir Óskar Norðmann og Kjartan Gunnlaugsson.

Eftir að umræður um innflutningshöftin höfðu farið fram í víð og dreif, bar Páll Ólafsson fram svohljóðandi tillögu:

Fundurinn ályktar að fela stjórninni að tilkynna innflutnings- og gjaldeyrisnefnd og iðnsambandi byggingamanna í Reykjavík, og sömuleiðis dagblöðunum í gegn um F. B., ástand og horfur sem nú eru um verzlun og innflutning á byggingarefnum, í samræmi við það sem upplýst hefir á fundinum.

Tillagan var samþykt með öllum greiddum atkvæðum.

Það upplýstist á fundinum að:

1. Byggingaefnakaupmenn í Reykjavík og Hafnarfirði geta eigi tekið að sjer sölu á efni til nýbygginga, og hafa þegar neitað slíkum viðskiftum.
2. Það er fyrirsjáanlegt að ekki eru nándar nærri nógar vörubirgðir hjá kaupmönnum af ýmsum helstu vörutegundum til hjer, til þess að fullgera þau hús sem nú eru í smíðum. – Veitt leyfi mega heita uppnotuð.

Um einstakar vörutegundir upplýstist þetta:

Timbur: steypumótatimbur alveg á þrotum. Sömuleiðis efni í hurðir og glugga. Birgðir af öðru timbri mjög takmarkaðar.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sement: Birgðir aðeins til nokkurra daga.
Þakjárn: Hefur verið um lengri tíma og er enn þá ófáanlegt. – Veitt leyfi fyrir örlítið brot af þörfinni.
Steypustyrktarjárn. – Birgðir mjög litlar, og fyrirsjáanleg vöntun innan skamms tíma.
Saumur og pappi, birgðir mjög litlar.
Koks ófáanlegt.
Vírnet til múrsljettunar sama og ekkert.
Miðstöðvar- vatnsleiðslu og hreinlætistæki: birgðir engar af aðaltækjunum.
Linoleum: ekkert til, og leyfi veitt fyrir alveg hverfandi vörumagni.
Eldfæri, mjög litlar birgðir.
Fundinn sátu allir fjelagsmenn nema einn. Fleira gerðist ekki
Fundi slitið.

Oskar Norðmann Kjartan Gunnlaugsson Sv. M. Sveinsson

# Aðalfundur 1938

Hinn 24. maí var haldinn aðalfundur
í Félagi íslenskra byggingarefnakaupmanna
á skrifstofu J. Þorláksson & Norðmann,
að viðstöddum fulltrúum allra meðlim-
nema. Málarans h/f. Mjólkurfélags Reykja-
víkur og Dverga Trésmíðaverksmiðju Hafnarf.
Formaður félagsins hr. Óskar Norðmann
las upp skýrslu um störf stjórnarinnar
og félagsins á s.l. ári, og lagði fram
reikninga félagsins, sem samþyktir
voru með öllum greiddum atkvæðum.
Stjórnarkosning fór því næst fram og
var stjórnin öll endurkosin: Formaður
Óskar Norðmann, meðstjórnendur Sveinn
M. Sveinsson og Kjartan Gunnlaugsson.
Varastjórnendur Niels Carls og Guðmundur
Einarsson. Endurskoðendur þeir Þorlákur
Björnsson, Ólafur Jónsson og J. Schopka.
Í félagsráð x) voru kosnir Óskar Norðmann
og Kjartan Gunnlaugsson

x) Fjelagsráð Verslunarráðs Íslands.

Samþykt var að árgjöld hvers félaga yrði, þetta ár,
Kr. 75.00, og var stjórninni falið að innheimta gjöldin.
Með því að einn meðlima félagsins
H. Jóhannes Reykdal hefir selt verslun
sína og félagstillag hans fyrir s.l. ár
hefir eigi fengist greitt var samþykt
að strika nafn hans út af félagaskrá.
Samþykt var að samþykt um
lánsverslunarskilmála félagsmeðlima
skuli gilda óbreytt, þar til öðruvísi
verður ákveðið, og jafnframt ákveðið
að eyðileggja tryggingarvíxla, sem
samþyktir voru á fundi félagsins
þann 23. maí 1930. Víxlarnir voru
eyðilagðir í viðurvist fundarmanna.
Fyrir fundinum lá bréf frá blaða-
útgáfunefnd Verslunarmannafélags
Reykjavíkur, og var afstaða félagsins
til erindi bréfsins ákveðin með
eftirfarandi tillögu, sem samþykt
~~samþ.~~ var í einu hljóði:
"Útaf erindi blaðaútgáfunefnda

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, felur fundurinn stjórn félagsins að tilkynna nefndinni að þar sem að vjer erum meðlimir Verzlunarráðs Íslands, sem gefur út "Verzlunartíðindi", vilji félagið eigi hafa afskifti af útgáfu nýs blaðs á annan hátt en gegn um Verzlunarráðið. Borin var fram og samþykkt tillaga um að hækka tillag félagsins til Verzlunarráð Íslands upp í 500- krónur á ári, og gildi sú samþykkt, fyrst um sinn, fyrir eitt ár í senn.

Loks gaf hr. Sveinn M. Sveinsson munnlega skýrslu um viðskifti hans og Verzlunarráðs Íslands við innflutnings- og gjaldeyrisnefnd út af síðustu úthlutun innflutningsleyfa fyrir byggingaefni, og þótti mönnum vel hafa tekist að afstýra stórkostlegum niðurskurði á innflutningi byggingarvara, í þetta skifti.

Samþykt að jafna niður 75.- króna árgjaldi á hvern meðlim fyrir þetta ár.

Fleira lá ekki fyrir fundi og var honum slitið að svo búnu.

Kjartan Gunnlaugsson

Wormann

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Meðlimafundur 19/11-1938

Árið 1938, þ. 19. nóvember, var haldinn almennur meðlimafundur í fjelagi ísl. Byggingarefnakaupm., kl. 5 síðd., á skrifstofu formannsins. Fundarefni: Brjef frá Verðlagsnefnd dags. 9. nóv.

Formaður skýrði frá því, að vegna veikinda-forfalla stjórnarmeðlima hefði ekki verið hægt að taka þetta fyrir fyr en nú. – Urðu nokkrar umræður um málið, en að þeim loknum voru bornar upp og samþyktar tillögur stjórnar fjelagsins, á þessa leið:

„Fundurinn ályktar að fela stjórn fjelagsins að svara brjefi Verðlagsnefndar á þann hátt að einstök firmu sem stærst eru í hverri grein leggi fram útreikninga yfir innkaupsverð, ásamt útsöluverði sínu, en svar stjórnarinnar byggist á þessum upplýsingum með fylgiskjölum, sem ætlast er til að lögð verði fyrir Verðlagsnefnd ef þörf krefur."

~~Fundurinn skorar jafnframt á hvern einstakan fjelaga,~~

fh.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Formaður gat þess að stjórnin hefði
hugsað sjer að fá aðstoð hjá þessum firmum:
Að því er snerti sement: } H. Ben. & Co. og
og steypustyrktarjárn: } J. Þorláksson & Norðmann
Að því er snerti timbur: Völund og
Timburv. Á. Jónssonar
Að því er snerti miðst. og } J. Þorl. & Norðmann
hreinlætistæki: } Á. Magnúss. & Co.
Ísl. Jónsson
Á. E. & Funk. –

Á fundinum kom fram eindreginn
vilji fjelagsmanna í þá átt, að enginn einstakur
fjelagi gefi Verðlagsnefnd upplýsingar beint
nema í samráði við stjórn fjelagsins, að undanteknum
þó upplýsingum sem teljast algert
einkamál, svo sem rekstursreikningar og efnahagur.

Reykjavík, 19. nóv. 1938

Norðmann

P.S. Þess hefir láðst að geta í ofangreindri fundargerð,
að fjelagsstjórnin hafði leitað álits Pjeturs Magnússonar
hr.m.fl.m. gjerstaklega um það atriði hvort Verðlagsnefnd
hefði lögum samkvæmt rjett til að rannsaka
bókhald kaupmanna, athuga verslunarbækur
þeirra, heimta fylgiskjöl með reikningum, o.s.frv.
Pjetur Magnússon hefði gefið skriflega upp
álit sitt, og var það lesið upp á fundinum.
Að öðru til vísast til álitsskjalsins sjálfs,
sem er dagsett 18. nóv. þ. á. –

Reykjavík, 19. nóv. 1938.

Norðmann

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 29. des. 1939 kl. 8½ e.h. var aðalfundur haldinn í Fél. ísl. byggingarefnakaupm. á skrifstofu firmans J. Þorláksson & Norðmann

1. Form. skýrði frá störfum félagsstj. s.l. ár. Lagði einnfremur fram reikn. fél. sem voru samþykktir.

2. Sveinn M. Sveinsson skýrði frá störfum Verslunarráðs Ísl. í þágu fél. þetta ár. Hann bar fram tillögu þess efnis að tillag til Verslunarráðsins fyrir árið 1939 væri kr. 500/- og var tillagan samþ. Einnig var samþ. að félagsgj. fyrir þetta ár væri kr. 75/-

3. Kosinn var form. Óskar Norðmann og sem meðstj. Sveinn M. Sveinsson og Kjartan Gunnlaugsson. Í varastj. Guðm. Ásmarsson og Níels Carlsson. Endurskoðendur voru kosnir Ísl. Jónsson og Sigurj. Pétursson og til vara Julius Schopka. Í félagsráð Óskar Norðmann og Kjartan Gunnlaugsson.

4. Fóru fram síðan umræður á við og dreif, og var fundi síðan slitið.

Reykjavík, 29. des. 1939

Óskar Norðmann Sv. M. Sveinsson

Sigurjónsson [illegible] [illegible]

Ísl. Jónsson [illegible]

f. h. Kjartan Gunnlaugsson

[illegible]

Föstudaginn 26 Januar 1940. kl. 6 e.h. var fundur haldinn í Félagi ísl. byggingavörukaupmanna á skrifstofu firm. J. Þorláksson & Norðmann Reykjavík

1. Til umræðu var tillaga Verslunarmannafélags Reykjavíkur um kauphækkun til verslunar og skrifstofufólks. Eftir nokkrar umræður var svohljóðandi tillaga samþykkt.

„Fundurinn felur stjórn félagsins að fara þess á leit, að kaup verslunar og skrifstofufólks sem vinnur hjá félagsmönnum skuli hækka í samræmi við ákvæði laga nr. 10 frá 4/4. 1939. fyrir tímabilið frá 1. Jan. til 1. april 1940, enda sje það heimilt samkvæmt landslögum." Fundi slitið

Reykjavík 26. Jan 1940.

Ólafur Jónsson Ö. Norðmann Sv. M. Sveinsson
J. Br. H. [illegible] Tv. Timburv. Árni Jónsson
Sigurjón [illegible] Pétur [illegible]

1940

Miðvikudaginn 8. maí hjelt stjórn Fjel. ísl. byggingarefnakaupm. fund kl. 5½ í skrifstofu formanns. – Tilefni fundarins var málaleitan Verslunarmannafjelags Reykjavíkur viðvíkjandi afstöðu fjelagsins til dýrtíðaruppbótar til handa verslunar- og skrifstofufólki. – Formaður fjel. Ö. Norðmann hafði áður setið fund með launakjaranefnd Verslunarmannafjel. Reykjavíkur o.fl., og formönnum hinna ýmsu kaupmanna sjerfjelaga, og höfðu hinir síðarnefndu komið sjer saman um samhljóða svar til Versl.mannafjel. Reykjavíkur. Skyldi það borið undir stjórnir hinna einstöku fjelaga, áður en það yrði sent. Stjórn fjel. byggingarefnakaupmanna samþykkti fyrir sitt leyti efni og orðalag svarsins, og fól formanni að undirrita það fyrir stjórnarinnar hönd.

Svarbrjefið var á þessa leið:

„Með því að Verslunarmannafjelag Reykjavíkur hefir beðið oss að skýra afstöðu vora til málaleitanar þeirrar sem fjelagið hefir í hyggju að senda ríkisstjórninni, þess efnis að bráðabirgðalög verði gefin út nú þegar, er tryggi verslunar- og skrifstofufólki dýrtíðaruppbót, skal yður tjáð:

Að vjer teljum eðlilegt og rjettlátt að verslunar- og

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frh.

skrifstofufólk fái sömu dýrtíðaruppbót og lögskipuð er á hverjum tíma til handa starfsmönnum ríkisins, ríkisstofnana og embættismönnum, enda taki slík verðlagsuppbót til starfsmanna um alt land.

Til þess að tryggja slíka dýrtíðaruppbót er um tvær leiðir að velja:

1) Að ná frjálsum samningum við atvinnurekendur

2) Að lögfesta dýrtíðaruppbótina.

Enda þótt telja megi líklegt, að undirrituð fjelög myndu samþykkja að greiða þá dýrtíðaruppbót sem hjer er um að ræða, þá nær slíkt aðeins til Reykjavíkur, og alls ekki til allra launþega sem hjer er um að ræða, m.a. vegna þess að ýms fyrirtæki hjer og atvinnurekendur eru ófjelagsbundnir.

Teljum vjer því að síðari leiðin, þ.e. lögfesting dýrtíðaruppbótarinnar með útgáfu bráðabirgðalaga, sje eðlilegri, og hin eina sem skapi jafnrjetti og viðunandi lausn á þessum málum.

Reykjavík, 8. maí 1940

„Oskar Norðmann   Sv. M. Sveinsson

1940

Miðvikudaginn 17. júlí var almennur fjelagsfundur haldinn á skrifst. formanns, kl. 1½.

1) Tekið til umræðu og afgreiðslu málaleitan Verslunarmannafjel. Reykjavíkur, (Launakjaranefndar) í brjefi 15. júlí; þess efnis að fjelag Byggingarefnakaupm. geri samning við V.m.fjel. um að greiða verslunar- og skrifstofufólki verðlagsuppbót, þá sömu og embættismenn og starfsmenn Ríkisstofnana fá greidda. Eftir nokkrar umræður var einróma samþykt fundarályktun í brjefformi, er hjer fer á eftir: (brjef til Launakjaranefndar V.R.)

„Sem svar við heiðruðu brjefi yðar frá 15. þ.m. skal yður tjáð, að meðlimir vorir hafa á fjelagsfundi í dag einróma lýst því yfir, að þeir muni greiða verslunar- og skrifstofufólki sínu verðlagsuppbót, hina sömu og embættismönnum ásamt starfsmönnum Ríkisstofnana verður greidd, fyrir þetta ár, eða til 1. jan. næstkomandi."

Að þessari samþykt stóðu: J. Þorl. & Norðmann, Helgi Magnússon & Co., Ísleifur Jónsson, Á. E. & Funk, Timburversl. Völundur, Timburversl. Á. J. og Málarinn. -

Mjólkurfjel. Hilmir og H. Ben. & Co. taka afstöðu með

heildsölum, sem hafa fengið samskonar málaleitan,
og sendu þær eigi fulltrúa á fundinn, og h/f Dvergur
í Hafnarf. var eigi boðið að senda fulltrúa á fundinn
með því að heimilisfang þess er utan Reykjavíkur.

2) Samþykt var að greiða Verslunarráði Íslands
tillag fyrir þetta ár (1940,) kr. 500.–, og að
innheimta sama árstillag og síðasta ár, kr. 75.–
á hvern fjelagsmeðlim. –

Fleira ekki tekið fyrir
Rvík, 17/7 – 1940
O. Normann

Fundur var haldinn í félagi
Byggingarefna kaupmanna þann
25 Janúar 1941 kl. 5 e.h. Tekið var til
umræðu samningsuppkast um launakjör
verslunarmanna samkvæmt tillögu
Launakjaranefndar Verzlunarmannafélags
Reykjavíkur og nefndar kosnri af atvinnu-
rekendum, dags. 23. Janúar 1941. Var
samningsuppkast þetta samþykt óbreytt
og formanni falið fyrir hönd félagsins
að undirrita samning við Verzlunar-
mannafélag Reykjavíkur samkvæmt
áðurgreindri samningstillögu

Samþykt var að senda Verzlunarmanna-
félagi Reykjavíkur vegna 50 ára afmælis
þess ~~vegna~~ til kaupa á hljóðfæri Kr. 500.–
(framlag ásamt öðrum félögum kaupmanna)
og innheimta þetta hjá félagsmönnum
um leið og næsta árstillag verður innheimt.

Reykjavík 25. Jan. 1941.

Greipur Jónsson. O. Normann. Sv. M. Sveinsson
Pétur Guðmundsson. Nils Carlsson. [illegible]
M. Helgason. [illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur var haldinn í fél. Byggingarefna-kaupmanna laugard. 6. des. 1941 kl. 1½ á skrifstofu formanns. -

Fundarefni var beiðni Verslunarráðs Íslands þess efnis að félagið léti uppi álit sitt um það hvaða byggingavörur væri æskilegt að kaupa framvegis frá Englandi, með því að búast mætti við að stórfelldar breytingar yrðu á viðskiftamálum okkar við U.S.A.- Skýrði Sveinn Sveinsson málið nánara fyrir fundarmönnum.- Voru í stórum dráttum samþyktar tillögur er stjórn félagsins skyldi bera fram við Verslunarráðið.

Fleira ekki tekið fyrir á fundinum.

Reykjavík, 6/12-1941

[illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 5 júní 1942 kl. 6. var aðalfundur haldinn í Félagi íslenskra byggingarefna-kaupmanna á skrifstofu firm. J. Þorláksson & Norðmann Reykjavík.

Fundarstjóri var kosinn hr. stórkaupm. Oskar Norðmann, og hann tilnefndi fundarritara Ísleif Jónsson.

Formaður gaf skýrslu um starf félagsins frá síðasta aðalfundi, og lagði fram reikninga félagsins er sýna að félagið var komið í skuld við firm. J. Þorláksson & Norðmann um kr. 1691.56. Í þessari upphæð er innifalin gjöf til Verslunarmannafélags Reykjavíkur kr. 500.- og tillag til Verslunarráðs Íslands kr. 500.- fyrir hvort árið 1941 og 1942. Reikningarnir voru samþyktir með öllum greiddum atkvæðum. Stjórnin gerði það að tillögu sinni að innheimt væri hjá félögunum kr. 200.00 hjá hverjum, sem árgjald fyrir árin 1941 og 1942, og var það samþykt samhlj.

Formaður mintist hr. stórkaupmann Kjartans Gunnlaugssonar, er látist hafði á árinu og risu menn úr sætum sínum til minningar hins látna.

Kosinn var formaður hr. Oskar Norðmann, meðstjórnendur voru kosnir ~~meðstjórnendur voru kosnir~~ hr. Sveinn M. Sveinsson ~~stórkaupm.~~ forstjóri og hr. Hallgrímur Benediktsson stórkaupm. Sem vara stjórnendur voru kosnir Ísleifur Jónsson og Niels Karlsson. Endurskoðendur voru kosnir hr. stórkaupm. Julius Schopka, Magnús Helgason og til vara. Pétur Guðmundsson.

Til fulltrúaráðs Verslunarráðs Íslands voru kosnir hr. Oskar Norðmann og Ísleifur Jónsson.

Síðan fóru fram umræður á víð og dreif og fundi síðan slitið.

Reykjavík 5. júní 1942.

Oskar Norðmann    Ísleifur Jónsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1942, þ. 1. sept. hélt stjórn Félags Byggingarefnakaupmanna fund kl. 5 e. h. á skrifstofu formanns. Umræðuefni: Launakjör verslunarfólks. – Stjórnin samþykkti að boða til félagsfundar um málið á fimmtudag 3. sept., og samdi tillögu er leggja skyldi fyrir greindan fund í málinu. –

Fleira ekki tekið fyrir. –

Rvík, 3/9–42

Oskar Norðmann

Sv. M. Sveinsson

H. Benediktsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þann 3. September 1942 var fundur haldinn í Félagi Íslenzkra Byggingarefna kaupmanna, í Kaupþingssalnum. Til umræðu var samningur um kaupgreiðslu meðlima Verzlunarmannafélags Reykjavíkur er vinna hjá félagi Byggingarefnakaupmanna samkv. samningstillögu Verzlunarmannafélags dags. 1. September þ.á., og var tillagan þessi samþykt; og tillaga stjórnarinnar um að fela formanni félagsins að undirrita samning við Verzlunarmannafélag Reykjavíkur samkv. áðurgreindri samningstillögu.

Tillagan var samþykt af undirrituðum félagsmönnum er mættu á fundinum.

Timburverzl. Völundur h.f.
Sv. M. Sveinsson

J. Þorláksson & Norðmann
J. Norðmann

Þ. H. Benediktsson & Co.
samkv. umboði
Sv. M. Sveinsson

Timburv. Árni Jónsson
Niels Carlsson

p. Málarinn
Guðmundsson

Helgi Magnússon & Co.
H. Helgason

Ingi Jónsson

1943 var stjórnarfundur haldinn í félagi Byggingarefnakaupmanna, á skrifstofu Þ. Benediktssonar & Co.- Til umræðu var aðallega tilmæli Viðskiftaráðs þess efnis að FÍB tæki að sér að kaupa sameiginlega f.h. meðlima sinna, þeirra er kvótarétt eiga í viðkomandi vöruflokkum, eftirstöðvar af vörumagni af járnvörum, er talið var eftirst. kvóta f.f. ári, eða tímabilinu 1/7-42 til 1/7-43.- Skyldi þessi skift milli FÍB, [illegible] vélsmiðja og SÍS., ef samkomulag næðist milli þessara aðila um skiftingu. Stjórn FÍB samþykti að félagið skyldi verða við tilmælum Viðskiftaráðs, og fól formanni félagsins framkvæmdir.-

Reykjavík,
J. Norðmann

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1943, þ. 17. sept. var stjórnarfundur
haldinn í FÍB. kl. 6 síðd. á skrifstofu f. form. s
Normann. - Til umræðu voru ýmis mál,
aðallega þau er hér greinir:

Verðlagsmál
Úthlutun leyfa
Innflutningsheimildir Heildverzl. Garðars Gíslasonar
Innkaup FÍB gegnum Viðskiftaráð
Birgðaskýrslur (~~FÍB~~) 1/9-43.-
Reikningar og peningasakir félagsins
Næsti aðalfundur félagsins.

Formaður gaf skýrslu um þessi mál, og
voru þau síðan rædd all ítarlega. - Samþykt
var að fara þess á leit við Fjármálaráðuneytið
að það léti félaginu í tje niðurstöðutölur
um vörubirgðir byggingarefna í Reykjavík 1. sept
síðastl., skv. birgðatökunni er þá fór fram.

Einnig var öll stjórnin sammála um
að félagið þyrfti að taka ómakslaun vegna vinnu
við að sjá um sameiginleg innkaup fyrir
félagsmenn, ef því væri að skifta, en upphæð
ómakslauna var ekki ákveðin. Frestað var
ákvörðun í öðrum málum, til stjórnarfundar
er ráðgert var að halda fyrir lok mánaðarins.-

Reykjavík, 17. sept. 1943

Oskar Normann

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur var haldinn í FÍB. -
þriðjud. 5. okt. kl. 6 e.h. á skrifstofu H. Ben. & Co. -
Til umræðu var

1) Lokunartími sölubúða og skrifstofa, er Verslunarmannafél. Reykjavíkur hafði vakið máls á. - Málið rætt en engin ákvörðun tekin að svo stöddu. -

2) Bréf Verslunarráðs Íslands dags. 30/9 varðandi frumvarp Gísla Jónssonar alþm. um breyting á lögum nr. 3, 13. febr. 1943, um verðlag. - Var samþykkt að skora á Verslunarráðið að mótmæla því eindregið að frumvarpið yrði gert að lögum, og formanni falið að ganga frá rökstuddum mótmælum. -

Reykjavík, 5. okt. -43. -

Norðmann

Stjórnarfundur var haldinn í FÍB miðvikudag 8. mars 1944 á skrifstofu J. Þorl. & Norðmann. Formaður gaf skýrslu um innkaup þau er félagið hafði haft með höndum, og af hvaða ástæðum ekki hefði verið hægt að gera þær sakir upp ennþá.
Þá var rætt um sameiginleg innkaup félagsmanna í járnvörum, sem ákveðin hafa verið skv. tillögum Viðskiftaráðs. -
Auk þess rædd önnur félagsmál, þ.á.m. að innh. 200 kr. árgjald f. 1943. Reykjavík, 8. mars 1944

Norðmann

Föstudaginn 24. mars var haldinn fundur á vegum Fél. Ísl. Byggingarefnakaup-manna, og var fundarefni stofnun sjálfstæðra samtaka innan félagsins til sameiginlegra innkaupa á járni og járnvörum. – Voru gerðar sam-þykktir fyrir þennan félagsskap, sem stofnaður er fyrir forgöngu F.Í.B., en er að öðru leyti óháður félaginu, sbr. það sem í stofngreinir, og eru samþykktir þessar því eigi bókaðar hér. Stofnendur voru:

Á. Benediktsson & Co.
J. Þorláksson & Norðmann
Kjöllunfél. Reykjavíkur
Ísleifur Jónsson & Co.
Helgi Magnússon & Co.
Á. Einarsson & Funk. –

Í framkvæmdanefnd þessa félagsskapar, sem nefnist „Járnkaupadeild Félags Ísl. Byggingarefnakaupmanna" voru kosnir:
Óskar Norðmann (formaður)
Hallgrímur Benediktsson
Ísleifur Jónsson. –

Rvík. 24/3.-44.
Ó. Norðmann

Mánudaginn 8 Október var fundur haldinn í félagi ísl. byggingarefnakaupmanna, og rætt um frumvarp um launakjör verslunarfólks. Ákveðið var að boða aftur til fundar um málið í næstu viku, og félagsmenn geri sér grein fyrir málinu og geri athuganir sínar um flokkun launanna o.s.fr. á næsta fundi. Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum.

Reykjavík 8/10.1945.
Tryggvi Jónsson fundarritari
Óskar Norðmann formaður.

Þriðjudaginn 23. okt. var fundur haldinn í fél. ísl. Byggingarefnakaupmanna, og rætt um frumvörp um launakjör verslunarfólks. – Samþykkt var með samhljóða atkvæðum að vísa málinu til félagsstjórnarinnar til endanlegrar afgreiðslu. –

Reykjavík, 23/10-45
Óskar Norðmann
formaður
M. Helgason
fundarritari

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur var haldinn í F.Í.B. þ. 6. mars 1946, og var þar borin upp inntökubeiðni firmans R. Jóhannsson Smith í Reykjavík, og samþykkt einróma. Fleira ekki tekið fyrir. –

Reykjavík, 6. mars 1946
[illegible]

NB – Þessi fundargerð hökkið á undan fundargerð frá 1947, sjá næstu blaðsíðu. –

Þann 12. Oktober 1950 var aðalfundur haldinn á félagsheimili Verslunarmanna í Reykjavík. og mættu fulltrúar frá öllum meðlimum félagsins.

Fundarstjóri var kosinn Óskar Norðmann formaður félagsins og skýrði hann frá hag félagsins og starfsemi undanfarið.

Lagðir voru fram endurskoðaðir reikningar félagsins og þeir samþykktir. Aðaltekjur félagsins var tekjuafgangur frá innkaupadeild F.Í.B. Kr. 6950.58, samkv. uppgjöri frá árinu 1946 en að mestu hefur getað mætt útgjöldum félagsins undanfarin ár. Reikningar sýndu að félagið skuldar Kr. 397.65.

Stjórnarkosning. Stungið var upp á endurkosningu formanns félagsins Óskars Norðmann, er baðst undan endurkosningu en eftir eindregin tilmæli allra félagsmanna féllst hann á að halda áfram formennsku félagsins. Meðstjórnendur Hallgrímur Benediktsson og Sveinn M. Sveinsson voru endurkosnir með öllum atkvæðum. Sem varamenn voru endurkosnir

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Níels Carlsson og Ísleifur Jónsson, sömuleiðis Júlíus Schopka og Magnús Helgason sem endurskoðendur.

Félagsgjöld: Sveinn M. Sveinsson taldi rétt að ársgjald yrði ákveðið einhver upphæð t.d. 250 til 350 kr. Níels Carlsson stakk upp á að stjórn félagsins ákveði ársgjaldið og var það samþykkt.

Formaður skýrði frá erindi Verslunarráðs Íslands dags. 3/10. um að félagið skipaði ~~aðal~~mann og varamann í nefnd til þess að ákveða skiptingu innflutnings á timbri og krossviði og að líklegt væri að svipuð tilhögun yrði tekin upp við úthlutun ~~fleiri~~ innflutnings. fleiri vörutegunda, en taldi afgreiðslu Verslunarráðsins á máli þessu mjög ámælisverða, þar sem að málið hafi verið samþykkt á stjórnarfundi V.Í. án þess fyrst að bera það undir F.B.Í. þvert á móti lögum V.Í. — Sveinn M. Sveinsson skýrði frá að stjórn V.Í. hafi talið að málið ekki þyldi neina bið, og orðið í skyndi að taka ákvörðun, og þetta hefði þótt gott boð sem

ekki mætti hafna, ~~fundarmanna~~ Óskar Norðmann, Pétur Guðmundsson og Hallgrímur Benediktsson töluðu og álitu að það yrði til bóta að innflytjendur fengju sjálfir að skipta innflutningnum, og var samþykkt að bjóða aftur til umræðufundar um þetta mál, fljótlega.

Umsóknir um inntöku í félagið höfðu borist frá: Almenna Byggingarfélaginu h.f., Slippfélaginu í Reykjavík h.f., H. Gíslason & Stefánsson umboðs og heildverslun, Jón Loftsson h.f. allir í Reykjavík og Verksmiðja Reykdals, ~~Hafnarfirði~~ Garðahreppi. Samþykkt var að vísa þessum umsóknum til stjórnarinnar. Fleira var ekki tekið til umræðu.

Ísleifur Jónsson Óskar Norðmann

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimmtudaginn 10da Júlí 1947. var fundur haldinn í Félagi Íslenzkra Byggingarefnakaupmanna. Samþykkt var eftirfarandi tillaga, um greiðslu og afhendingu vara, er auglýsa skal í blöðunum og útvarpi

Tilkynning

frá Félagi Ísl. Byggingarefnakaupmanna.

Það tilkynnist hér með, að félagsmenn hafa samþykkt eftirfarandi söluskilmála:

Vörur verða aðeins afhentar gegn staðgreiðslu, nema áður sé sérstaklega um annað samið.

Vörusendingar út um land verða afgreiddar gegn eftirkröfu eins og tíðkast hefir, enda séu kröfurnar innleystar þegar í stað, eftir að móttakanda berst tilkynning um þær frá pósthúsi eða banka.

Viðskiftamenn geta ekki búist við að fá þungavörur eða þær vörur sem seinlegt er að afgreiða, afgreiddar samdægurs og pöntun er gerð eða sala fer fram.—

Afhending fer fram eftir röð og eins fljótt og afgreiðsluskilyrði leyfa.

Reykjavík 9. Júlí 1947.

Stjórn Félags Ísl. Byggingarefnakaupm.

Formaður gaf skýrslu um viðræður stjórnar félagsins við Viðskiftaráðið um verðlagsmál, tillögur stjórnarinnar í því máli og endanlegar ákvarðanir Viðskiftaráðsins

[illegible] [illegible]

Miðvikudaginn 27. des. 1950 var fundur haldinn í FÍB, að heimili V. J., Vonarstr. 3.— Rædd voru ýms félagsmál, sérstaklega varðandi dreifingu á þakpappa og öðrum vörum keyptum í kompensation frá Austurríki, á vegum h/f Miðstöðin.— Samþykkti fundurinn að beina þeirri áskorun til félagsmanna að taka eigi að svo stöddu til dreifingar þakpappa vegna þess að Miðstöðinni h/f hefði verið heimilt að taka 1/3 álagningar sem heimil er skv. verðlagsákvæðum, og varan auk þess mjög dýr. Taldi fundurinn og að raunverulega einokun væri komin á innflutning þessarar vöru og annara þýðingarmikilla flokka af byggingarefnum, svo sem þakjárni, pípum og fittings,

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hindrun, og í nokkrum hepti- radiatorum & miðstöðvar-
kötlum (Faxasíldar-gjaldeyris). - Auk þessa
gaf formaður skýrslu um aðdraganda og meðferð
þessa kompensationsmáls ~~gg~~ af hendi
gjaldeyrisdeildar Fjárhagsráðs gagnvart FÍS, og
taldi alla meðferðina vítaverða. Voru þar
þverbrotnar reglur um kompensation sem
settar hefðu verið á árinu 1949. -

Vegna veikindaforfalla Sveins M. Sveinssonar
var þess óskað að Niels Carlsson tæki til
bráðabirgða sæti í félagsstjórninni. Jafnframt
var svo ráð fyrir gert að félagsstjórnin undirbyggi
og boðaði til fundar eftir fljótlega eftir
mestk. áramót. -

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Rvík, 27. des. 1950

Wortmann

Miðvikudaginn 18. apríl 1951 hélt
stjórn FÍB. fund á skrifstofu formanns, kl. 4.45
Mættir voru B. Wortmann, Hallgrímur Benediktsson
og Niels Carlsson. -

1) Formaður skýrði frá því að stjórn
félagsins hefði verið boðið að koma á fund
með nokkrum öðrum sérgreinafélögum mánudaginn
23. apríl, þar sem ráðgert væri að ræða
ástand í útskiftamálunum.

2) Útaf inntökubeiðnum fimm aðila var
stjórnin sammála um eftirfarandi afgreiðslu:

a) Jón Loftsson og Timburverslunin Reykdals
(í Hafnarf.) voru samþykkt sem meðlimir.

b) ~~Inntöku~~ Inntökubeiðni Þ. Gíslason & Stefánsson
var ákveðið að vísa til félagsfundar. -

c) Stjórnin ([illegible]) var sammála um að
rétt væri að framkvæmd félagslaganna að því
er inntökuskilyrði snerti (sbr. 3. gr. laganna)
skyldi vera þannig, að einungis þeir aðilar, sem
hefðu sérverslun með byggingarefni sem
aðalgrein, skyldu teknir í félagið. - Var
álitið að Slippfélagið h/f og Almenna Byggingarfél. h/f

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem bæði höfðu sölt um uppstöðu, fullnægðu hvorugt þessum skilyrðum, en talið rétt að leita umsagnar þeirra áður en fullnaðarákvörðun yrði tekin um umsóknir þeirra. –

3) Ákveðið var að innheimta árgjald samtals kr. 300 fyrir 1950 og 1951 (samtals kr. 300 f. bæði árin) hjá eldri félagsmönnum, en nýir félagar skyldu greiða kr. 250 fyrir árið 1951. –

4) Ákveðið var að boða til almenns félagsfundar þriðjudaginn 24. apríl kl. 3½ í húsi V.R. við Vonarstræti. Rætt um fundarefni, og einnig var rætt nokkuð efnislega um tillögur til ályktunar fyrir fundinn. –

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Reykjavík, 18. apríl 1951

Oskar Norðmann

---

Þriðjudaginn 24. apríl 1951 var fundur haldinn í F.Í.B. að heimili V.R. Vonarstr. 3.

1. Formaður skýrði frá að fimm inntökubeiðnir í félagið hefðu legið fyrir. Hafði stjórnin verið sammála og samþ. inntöku tveggja beiðanda, þeirra Jóns Loftssonar og Trésmiðaverkstæðis Reykdals, Hafnarfirði. Fullnaðarákvörðun um hina þrjá, er voru Alm. byggingafél., Slippfélagið og H. Gíslason & Stefánsson, var frestað að taka, enda óvíst að aðilar þessir fullnægðu þeim skilyrðum, er útheimtist til að gerast meðlimir félagsins.
2. Formaður gat þess að félagagjöld yrðu innheimt fyrir bæði árin 1950 og 1951, með kr. 300.00, en hjá nýjum félögum með kr. 250.00, fyrir árið 1951.
3. Útbýtt var skýrslum yfir ýms byggingarefni, er sýndu verðálagningu árin 1946 og 1947, og 1. febr. 1951.
4. Formaður lagði fram ýmsar tillögur varðandi verðlagsmál og bankamálin í samb. -

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við innflutninginn o.fl. Ræddi í því sambandi um misræmingu á innflutn., um frílistann o.fl. Taldi freklega gengið á rétt innflytjenda. Hallgrímur Benediktsson óskaði þess að frestað yrði til næsta fundar að ræða framkomnar tillögur og að fundarmenn fengju afrit af tillögunum til athugunar. Var það samþ.

5. Formaður skýrði frá að nokkur sérgreinarfélög væru að gangast fyrir sameiginlegum opinberum fundi um verslunarmálin. F.Í.S. væri jafnvel boðin forustan, var mjög fylgjandi því að félagið tæki þátt í þessum fyrirhugaða fundi. Nokkrar umræður urðu um mál þetta. Hallgrímur Benediktsson taldi ekki rétt að ganga fram hjá Verslunarráði Íslands í þessu máli; taldi það hinn rétta vettvang í málum þessum. Og þar sem aðalfundur verslunarráðsins væri nú skammt framundan, væri varhugavert að stofna til þessa fundar, þar til að séð yrði hvað kæmi fram í málum þessum á aðalfundinum.

Ákveðið var að fresta frekari umræðum til næsta fundar, er var ákveðinn n.k. föstud. 27. þ.m. kl. 3/2 e.m.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Reykjavík 18/4-51

Jón Hafliðason
rit.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 26. apríl 1951 var fundur haldinn í F.Í.B. að heimili V.R. Vonarstr.

1. Teknar voru til umræðu tillögur um verslunarmál, er verið höfðu til athugunar frá síðasta fundi. Voru þær samþ. með breytingum, svohljóðandi:

I

"Til Fjárhagsráðs, (afrit til Viðskiptamálaráðherra og Verslunarráðs Íslands.)

Fundurinn telur, að núgildandi ákvæði um hámarksálagningu á byggingarefnum sé algerlega ónóg til að standa undir verslunarkostnaði og að ákvæði þessi sé eigi hægt að réttlæta með frambærilegum rökum. Jafnframt telur fundurinn stórlega ámælisverða þá afstöðu Fjárhagsráðs, að sérgreinarfélagi F.Í.B. væri eigi gefinn kostur á því, að ræða málið og skýra sjónarmið félagsmanna sinna, áður en breyting var gerð á verðlagsákvæðum í febr. síðastl."

II

"Til Viðskiptamálaráðherra, (afrit til Fjárhagsráðs og Verslunarráðs Íslands.)

Fundurinn lýsir vonbrigðum yfir því, hve hverfandi lítið er af byggingarvörum á hinum nýja frílista. Telur fundurinn tvímælalaust rétt að auka listann, fyrst og fremst ýmsum vörum, sem mikið eru notaðar til viðhalds. Áætlunarbúskapur undanfarinna ára hefur valdið miklu misræmi í innflutningi einstakra vörutegunda, þannig að langvarandi þurð hefur verið á sumum vörum, þó að sæmilega ríflegt magn hafi fengist af öðrum. Stóðu vonir til að að þetta misræmi myndi hverfa að mestu, ef frílistinn hefði verið rýmri að því er byggingarefni snerti."

III

Til Viðskiptamálaráðherra (afrit til Fjárhagsráðs og Verslunarráðs Íslands)

"Fundurinn telur tillögu nr. 157 til þingsályktunar, er samþykkt var af Sameinuðu

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

alþingi 6/3-51 sjálfsagða og tímabæra og ákveðið spor í áttina til frelsis í viðskift-um og athafnalífi. - Væntir fundurinn þess að ríkisstjórnin framkvæmi vilja Sameinaðs alþingis í þessu máli eins og mælt er fyrir í þingsályktuninni. - Það er álit fundarins, að hömlur á nýbyggingum þeirri, sem um-getur í þingsályktuninni sé með öllu óþörf, þar sem fáir einstaklingar munu nú hafa getu til að ráðast í nýbyggingar vegna naumra fjárráða, en byggingalán hinsvegar nær ófáanleg."

Til viðskiftamálaráðherra

IV

"Fundurinn telur fyrirframgreiðslur þær, sem bankarnir krefjast nú við opnun ábyrgða, eða vegna yfirlýsingar um að gjaldeyrir sé fyrir hendi, ásamt takmörkun-um á útlánum bankanna, svo alvarlegs eðlis, að innflutningsverslunin geti eigi innt af hendi hlutverk sitt sem skyldi. Fundurinn telur reglugerð Viðskiftamálaráðu-neytisins nr 106 frá 12. júní 1950, sérstaklega óeðlilega og óþarfa, hvað snerti vörur, sem innflutningur hefur verið gefinn frjáls á og yfirlýst af stjórnarvöldum landsins, að gjaldeyri sé fyrir hendi til kaupa á."

Til viðskiftanefndar

V

Fundurinn ályktar að mótmæla þeirri skipun viðskiftamálanna, er allmjög hefir tíðkast hin síðustu ár, að innflutn-ingur byggingarefna hefir verið dreginn úr höndum sérverslana, en fenginn öðrum aðilum, með ýmsum kompensations-viðskiftum og svo nefndum Faxasildar-gjaldeyri. Fundurinn telur þá ráðstöfun, að banna innflutn. fjölmargra vöru-tegunda, nema gegn greiðslu í svonefnd-um frjálsum gjaldeyri útgerðarmanna vélbátaflotans mjög varhugaverða. Telur fundurinn að slík ráðstöfun geti haft í för með sér óheilbrigða versl-unarhætti, dýrari vöru, auk þess sem algert handahóf yrði á vörudreifing-unni. Afleiðingarnar myndu því

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verka í öfuga átt við almennt frelsi í verslun og athafnalífi."

2. Eins og getið var um og rætt var um á síðasta fundi, lagði formaður fram bréf um sameiginlegan fund 8 sérgreinarfélaga, þar sem rædd yrðu opinberlega verslunar- og verðlagsmálunum. Þessir tóku til máls formaður Hallgr. Benediktsson Jón Loftsson, Ísleifur Jónsson og Oddur Jónsson. Samþ. var með öllum greiddum atkvæðum að F.Í.B. tæki þátt í fundi þessum, ef haldinn yrði að loknum aðalfundi Verslunarráðs Íslands 8. og 9. maí

Fleira var ekki tekið fyrir

fundi slitið

[illegible]
form.

Jón Hafliðason
rit.

Þriðjudaginn 22 janúar 1952 var fundur haldinn í Félagi Íslenskra Byggingavöru-kaupmanna í félagsheimili V.R. samkvæmt fundarboði dags. þ. 15. Janúar. Fundarefni verðlagsmál og önnur mál.

Áður en umræður hófust stóð formaður félagsins upp og minntist Sveins M. Sveinssonar forstj. sem látist hafði frá því að fundur var haldinn síðast, og bað fundarmenn að virða minningu hans fyrir mikið og gott starf í þágu félagsins. með því að rísa úr sætum.

Því næst hóf formaður umræður með ítarlegu yfirliti um gang verðlagsmálsins undanfarin ár. Fundarmenn voru sammála um að vegna sívaxandi verslunarkostnaðar, í launagreiðslum og öðrum tilkostnaði, væri óhjákvæmilegt að fá leiðréttingu á þessum málum, og að sérstaklega væru ákvæðin um hina svokölluðu blönduðu álagningu orðin algjörlega óviðunandi

Samþykkt var tillaga frá Jóni Loftssyni stórkaupm. um að fela stjórn félagsins, með aðstoð félagsmanna eftir þörfum, að vinna að því að fá nauðsynlegar lagfæringar

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á verðlagsákvörðunum á byggingarvörum
Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Wortmann Bergþórsson

Þriðudaginn 18. marz 1952 var fundur haldinn í Félagi íslenzkra byggingarefnakaupmanna í Félagsheimili V.R., samkvæmt fundarboði dags. 14. marz.

Fundarefni: Verðlagsmál.

Formaður félagsins setti fundinn og kvaddi sem fundarritara, Vilhjálm Björnsson.

Skýrði form. síðan all ítarlega frá störfum stjórnarinnar í sambandi við tillögu þá um verðlagsmál, er samþykkt var á síðasta fundi félagsins. Rakti hann gang málsins og skýrði frá hvaða tillögur hefðu, af hálfu félagsins, verið lagðar fyrir verðlagsyfirvöldin og hvaða rök stjórnin hefði fært fyrir þeim tillögum á viðræðufundi er hún átti við Fjárhagsráð.

Þá tilkynnti formaður, að nokkur árangur hefði náðst af þessum störfum stjórnarinnar og las fyrir fundinum breytingar þær, er Fjárhagsráð hefði samþykkt, um álagningu einstakra byggingarvara, en samkvæmt þeim hefði náðst fram frá 10% til 30% hækkun álagningar í þessum vörum.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundarmenn létu í ljós ánægju sína yfir störfum stjórnarinnar og ~~hve~~ þeim árangri sem náðst hefði.
Fleiri mál voru ekki tekin fyrir.
Fundi slitið.

Vilh. Björnsson

Oskar Nordmann

Aðalfundur F.F.B. var haldinn miðvikudaginn 23. apríl 1952 kl. 3½ í Félagsheimili V.R.

Fundarefni: Venjuleg aðalfundastörf

Formaður félagsins, Óskar Nordmann setti fundinn og stjórnaði honum. Kvaddi hann sem fundarritara Vilhjálm Björnsson.

Formaður bauð félagsmenn og fulltrúa þeirra er mættir voru, velkomna á fundinn. Síðan gaf hann greinargott yfirlit yfir starfsemi félagsins á liðnu ári og fram til þessa fundar.

Lesnir voru reikningar félagsins fyrir árið 1951 og samþykktir.

Næsti liður dagskrárinnar var stjórnarkosning.

Hallgr. Benediktsson lýsti yfir því, að núverandi stjórn félagsins hefði á fundi sínum ákveðið, að biðjast undan endurkosningu, en þrátt fyrir það vildi hann eindregið bera þeirri ósk til núverandi formanns, Óskars Nordmann, að hann tæki við endurkosningu. Þakkaði hann form. fyrir ánægjulegt samstarf og góð störf í

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þágu félagsins.

Formaður þakkaði góð orð í sinn garð og gat þess, að þrátt fyrir, að hann æskti þess, að losna undan endurkosningu, þá mundi hann í þetta sinn ganga inn á það, ef fundurinn óskaði þess.

Var hann síðan endurkosinn formaður með samhljóða atkvæðum.

Sem meðstjórnendum var stungið upp á þeim Haraldi Sveinssyni og Vilhjálmi Björnssyni og hlutu þeir kosningu.

Í varastjórn voru kosnir Ísleifur Jónsson og Hjörtur Hjartarson.

Endurskoðendur voru endurkjörnir Júlíus Schopka og Magnús Helgason.

Þá voru kosnir aðalfulltrúi og varamaður í Stjórn Verslunarráðs Íslands samkv. bréfi ráðsins dags. 27/3 '52.

Sem aðalfulltrúi var kosinn Ísleifur Jónsson og sem varamaður Magnús Helgason.

Lagt var til, að árgjald félagsmanna yrði óbreytt kr. 300.- fyrir næsta ár og var það samþykkt.

Fleira var ekki tekið fyrir og þakkaði formaður félagsmönnum gott samstarf á liðnum vetri og óskaði þeim gleðilegs sumars og sagði að svo mæltu fundi slitið.

Villi Björnsson
fundarritari

Oskar Norðmann

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 21. maí 1952 hjelt stjórn félagsins fund með sjer á skrifstofu formannsins, Óskars Normann.

Ákveðið var, að skipta verkum þannig, að Haraldur Sveinsson tæki að sjer störf gjaldkera og Vilhjálmur Björnsson ritarastörf.

Lagt var fram bréf frá Viðskiptamálaráðuneytinu, útaf verðlagsmálum og samþykkt að stjórnin ~~sendi ráðuneytinu svarbréf~~, færi á fund ráðherra og ræði nánar afgreiðslu þessa máls.

Fleira ekki tekið fyrir; fundi slitið

Óskar Normann

Vilhj. Björnsson

Hinn 30. September kom stjórn félagsins saman á fund á skrifstofu formanns, Óskars Normann.

Lagt var fram bréf frá Verslunarráði Íslands dags. 6. ágúst. þar sem farið er fram á Kr. 1500.oo afgreiðslu í stað Kr. 1000.- áður, og var það samþykkt.

Formaður lagði fram bréf frá Verslunarráði Íslands dags. 19/8'52 útaf innflutningi á vörum frá Austurríki og skýrði hann frá viðræðum sínum við Verslunarráð í sambandi við það atriði.

Formaður skýrði frá, að málaleitan hefði komið til Verslunarráðs Íslands frá Launþegadeild Verslunarmannafélagsins um breytingu á gildandi samningi um launakjör. Samþykkt var að fela Ísleifi Jónssyni, að taka þátt í viðræðum fyrir hönd þessa félags.

Rætt var um skort á ýmsum byggingarvörum og leyfisveitingar í sambandi við þær. Samþykkt að boða til almenns félagsfundar í V.R. föstudaginn 3. okt. n.k. kl. 3½.

Fleira ekki tekið fyrir; fundi slitið

O. Normann

Vilhj. Björnsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Almennur félagsfundur var haldinn föstudaginn 3. okt. 1952 kl. 3³⁰, í félagsheimili V.R. – Fundarefni: Leyfisveitingar f. byggingar...

Form. setti fund og skýrði frá störfum stjórnarinnar frá síðasta aðalfundi.

Form. upplýsti, að honum hefði borist skýrsla um leyfisveitingar fyrir byggingarvörum og framl. leyfa frá fyrra ári og ennfremur hvað búið væri að nota af þessum leyfum hinn 31. ág. 1952. Sýndi skýrsla þessi, að í einstökum vöruflokkum, sem félagsmönnum hefði að undanförnu verið synjað um leyfi fyrir, væri stórar upphæðir ónotaðar og benti hann á þessa mjög athyggliverða hlið.

Málið var rætt nokkuð fram og aftur og samþykkt að fela stjórn félagsins að athuga þetta mál nánar.

Leifur Jónsson skýrði frá umræðum er farið hefðu fram um breytingu á lokunartíma sölubúða og skrifstofa yfir vetrartímann.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Oskar Norðmann

Vilhj. Þórsson

Þriðjudaginn 21. okt. kom stjórn félagsins saman á fundi í skrifstofu formanns Bankastr. 11.

Tilefni fundarins var að ræða og ákveða hvað gera skyldi í sambandi við ónotuð leyfi fyrir byggingarefni og skýrslu þá, er fram kom á síðasta fundi félagsins.

Stjórnin ákvað að skrifa Verslunarráði Íslands bréf þar sem mál þetta er allítarlega skýrt og bent á einstök dæmi er fram hafa komið við ~~söfnun~~ skýrslusöfnun, er stjórnin lét fram fara meðal félagsmanna um ónotuð leyfi miðað við ~~hinn~~ 31. ágúst 1952.

Formaður skýrði frá að skýrsla nefndar þeirrar, er fór til Ungverjalands og Austur-Þýskalands ~~í vegum~~ lægi frammi í Verslunarráði Íslands til sýnis fyrir félagsmenn. Ákveðið að tilkynna félagsmönnum þetta.

Fleira ekki tekið fyrir – fundi slitið

Oskar Norðmann

Vilhj. Þórsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 24. nóv. kom stjórn félagsins saman á fund á skrifstofu formanns Bankastræti 11. Til umræðu var hvort félagið skyldi gerast þátttakandi í stofnun félags er skyldi annast út-flutnings og innflutningsverzlun á jafnvirðis grundvelli við þær þjóðir, sem nauðsynlegt reyndist að hafa slík viðskipti við.

Samþykkt var að Félag byggingarefnakaupm. gerðist aðili að félagsstofnun þessari, með kr. 5.000,00 stofnfé, enda yrði starfsemi hins nýja félags, hagað þannig:

a) að samtökin verði opin öllum viður-kenndum innflytjendum

b. að byggð yrði, sem bezt vöruþekking við innkaup og ráða leitað hjá félagi voru, varðandi kaupa á byggingarefnum og

c. sérverzlanir í byggingarefnum hafi forgöngu um kaup. á vörum í sérgrein sinni

Fleira ekki gert á fundinum, nema að lagt var fram bréf sem barst í fundarlok frá Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar, varðandi atvinnu horfur og var formanni falið að svara bréfinu. Fleira ekki gert, fundi slitið.

Oscar Norðmann Har. Sveinsson

Þriðjudaginn 30. Des. 1952 kom stjórn félagsins saman á fund á skrifstofu formanns, Bankastr. 11.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimmtudaginn 15. januar 1953. var fundur haldinn í stjórn félagsins, á skrifstofu formanns í Bankastræti 11. Til umræðu var þátttaka félagsins í Íslenska vöruskiftafélaginu s.f. og rædd hin nýja viðhorf. Samþykkt var að vísa ~~fél~~ málinu til félagsfundar. Rætt var um framlengingu leyfi og samþykkt að senda Fjárhagsráði bréf varðandi það mál. Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

[signatures]

Þriðjudaginn 20. januar 1953 var fundur haldinn í félagi íslenskra byggingarefnakaupmanna á félagsheimili verslunarmanna. Fundarefni var erindi félags íslenskra stórkaupmanna varðandi þátttöku F.Í.B. í Íslenska Vöruskiftafélaginu s.f. Formaður skýrði frá aðdraganda málsins og afgreiðslu þess á síðasta stjórnarfundi, hann taldi að félagsstofnun þessi hefði orðið með allt öðru fyrirkomulagi en upprunalega var ráðgert og lýsti vanþóknun sinni á afgreiðslu málsins. Þá tók til máls Haraldur Sveinsson er setið hafði nokkra undirbúningsfundi að stofnun félagsins og lýsti sig meðmæltan því að F.Í.B. tæki þátt í vöruskiftafélaginu. Talsverðar umræður urðu um málið. Fram komu þessar tillögur: frá Haraldi Sveinssyni „Fundurinn ályktar að F.Í.B. gerist þátttakandi í hinu Íslenska vöruskiptafélagi s/f." og frá Oskari Norðmann „Fundurinn ályktar að verða ekki þátttakandi í Íslenska Vöruskiptafélaginu að óbreyttum ástæðum"

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ennfremur kom svohljóðandi tillaga frá Niels Carlssyni. „Fundurinn ályktar að fresta því að taka þátt í hinu: Íslenska vöruskiptafélagi um óákveðinn tíma“

Þessi tillaga var fyrst borin upp og var hún felld með sex atkvæðum gegn tveimur. Tillaga Haraldar Sveinssonar um þátttöku var samþykkt með sex atkvæðum gegn þremur. Samþykkt var að leggja fimm þúsund krónur fram sem hlut í Íslenska vöruskiptafélaginu h/f. og að Magnús Helgason yrði sem fulltrúi F.B.Í ~~varamaður~~ í stjórn þess félags.

Nokkuð var síðan rætt um leyfiveitinga o.fl. Fleiri var ekki tekið til umræðu og fundi slitið

[illegible]  Har. Sveinsson

Föstudaginn 23. Jan. '53 kom stjórn félagsins saman á fund á skrifstofu J. Þorláksson & Norðmann h/f. Samkvæmt ósk formanns félagsins voru mættir á fundinum varamenn, Hjörtur Hjartarson og Ísleifur Jónsson, þar eð form. hefur óskað eftir að taka ekki þátt í stjórnarstörfunum, er fjalla um mál Vöruskiptafélagsins.

Samið var og undirritað bréf til Hins ísl. vöruskiptafélags þar sem tilkynnt var þátttaka F.Í.B. og tilnefning fulltrúa þess, hr. Magnúsar Helgasonar, kaupm.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið

Har. Sveinsson  Vilhj. Þórðarson

Hjörtur Hjartarson.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjudaginn 24. marz kom stjórn félagsins saman til viðræðna við hr. skrifstst. Helga Bergsson á skrifstofu V. Í.

Rætt var um framlengingar leyfa og nýjar leyfisveitingar fyrir ýmsum byggingarvörum.

Farið var fram á það að V. Í. skrifaði fjárhagsráði bréf varðandi þetta mál þar sem sérstaklega væri lögð áherzla á aukin leyfi til sérverzlana og meira frjálsræði í innflutningi.

Ákveðið var, sem fulltrúar félagsins í V. Í. þeir Ísleifur Jónsson, kaupm., sem aðalmaður og til vara Magnús Helgason kaupm.

Lagt var fram bréf frá Garðar Gíslason h/f þar sem fyrirtækið sækir um inntöku í félagið. Stjórnin ákvað að leggja beiðnina til úrskurðar og umræðu almenns félagsfundar.

Fleira ekki tekið fyrir.

Ísl. Jónsson [signature] Villi. Björnsson

Har. Sveinsson

Aðalfundur félags íslenskra byggingarefnakaupmanna var haldinn þriðjud. þann 14 april 1953 kl. 3½ í félagsheimili V. R.

Lesin var fundargerð síðasta fundar, samþykkt og undirrituð. Formaður skýrði frá störfum félagsins á síðasta ári. Gjaldkeri lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins er sýndu sjóðseign kr. 3576.82 og þeir samþykktir. Fram kom áskorun frá öllum fundarmönnum til Óskars Norðmann um að hann tæki við endurkosningu sem formaður, en hann baðst eindregið undan endurkosningu.

Sem formaður var kosinn Ísleifur Jónsson. Sem meðstjórnendur Vilhjálmur Björnsson og Haraldur Sveinsson og í varastjórn Hjörtur Hjartarson og Magnús Helgason. Endurskoðendur voru kosnir Julius Schopka og Jón Loftsson. Samþykkt var útnefning stjórnarinnar á fulltrúum í Verslunarráð Íslands, Ísleifs Jónssonar sem aðalmanns og Magnúsar Helgasonar sem varamanns.

Vilhjálmur Björnsson þakkaði fyrir hönd félagsmanna fráfarandi formanni, fyrir

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vel unnin störf í undanfarin 19 ár sem formaður félagsins. Haraldur Sveinsson minnti á nauðsyn þess að verslanir og skrifstofur gættu þess að lokunartímar og starfstími væri í fullu samræmi við gildandi launa- kjara- ~~samninga~~ Samninga.

Inntökubeiðni firm. Garðar Gíslason h/f. var því næst rædd og var ákveðið að fela stjórninni að tilkynna firmainu, að það ekki uppfyllti skilyrði félagsins, í samþykkt frá 28/4. 1951 um upptöku nýrra félaga

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið

[illegible] Jónsson

Þann 26. maí 1953 kom stjórn félagsins saman og skipti með sér verkum sem hér segir:

Form.: [illegible] Jónsson
Ritari: Vilhjálmur Björnsson
Gjk.: Haraldur Sveinsson

Rætt var um undirbúning tillögu til aðalfundar V.Í. viðvíkjandi innflutningi á byggingarefni, verðlagsmál o.fl.

Lagt var fram afrit af bréfi V.Í. til Innfl.- og gjaldeyrisd. viðvíkjandi bifreiðaveitingum.

Skýrt var frá að form. hefði gefið Bergi G. Gíslasyni ábendingar varðandi væntanleg kaup á byggingarefni frá Rússlandi í sambandi við för hans þangað

Fleira ekki tekið fyrir

[illegible] Jónsson

Vilhj. Björnsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur F.Í.B. var haldinn að Hotel Borg ~~hinn~~ föstudaginn 1. okt. 1954

Áður en gengið var til dagskrár minntist formaður félagsins, Hallgríms Benediktssonar, stórkaupmanns, er látist hafði ~~at~~ á árinu; risu fundarmenn úr sætum og minntust hins látna félaga.

~~Fundargerð síðasta aðalfundar lesin og samþykkt~~

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum og kvaddi sem fundarritara Vilhjálm Björnsson.

Fundargerð síðasta aðalfundar lesin og samþykkt.

Formaður las skýrslu félagsstjórnar fyrir síðastliðið starfsár og gat þess jafnframt að vegna ýmissa ástæðna hafði dregist að halda þennan fund umfram það sem ætlað var, en taldi þó athugandi hvort ekki mundi heppilegra að halda aðalfundi félagsins frekar að haustinu og gerði að tillögu sinni, að svo yrði í framtíðinni.

Þá las gjaldkeri upp reikninga félagsins fyrir sl. ár, sýndu þeir hreina eign Kr. 10.505,17. Reikningarnir voru bornir undir atkvæði og samþykktir.

Þá fór fram kosning formanns og var endurkjörinn Ísleifur Jónsson. Ennfremur voru endurkjörnir meðstjórnendur þeir Haraldur Sveinsson og Vilhjálmur Björnsson og varamenn Hjörtur Hjartarson og Magnús Helgason. Endurskoðendur voru endurkjörnir Julius Schopka og Jón Loftsson.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

[signature] Vilhj. Björnsson

P.s. Umsóknir um inntöku í félagið bárust frá Vatnsvirkjanum h/f og Slippfélaginu h/f. og var þeim vísað til úrskurðar stjórnarinnar. Samþykkt var að hækka félagsgjöld uppí Kr. 500.–

[signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 1. Júlí 1955 var haldinn, almennur félagsfundur kl. 4 á skrifstofu V. Í.

Til umræðu var:
Launakjör verzlunarmanna.

Formaður skýrði frá samningagerðinni við verzlunarmenn og hverjar breytingar hefðu orðið á ~~[illegible]~~ frá fyrri samningum, bæði hvað snerti kaup og önnur kjaraatriði.

Umræður urðu nokkrar og var að lokum samþykkt að skrifa undir hinn nýja launakjara samning ~~eins~~ verzlunarmanna, eins og hann lá fyrir.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Villi Þórsson

Aðalfundur S. F. B. var haldinn föstudaginn 18. maí 1956 að Naustinu.

Áður en gengið var til dagskrár minntist formaður félagsins, Helga Magnússonar kaupmanns, er látist hafði á árinu. Risu fundarmenn úr sætum og minntust hins látna félaga.

Formaður las síðan skýrslu félagsstjórnarinnar yfir störf hennar frá því að síðasti aðalfundur var haldinn. Gat hann þess sérstaklega í skýrslu sinni, að vegna viðræðna sem staðið hafa yfir um allangan tíma um verðlagsmál varð ekki úr, að haldinn yrði aðalfundur á s.l. ári þar eð búist var við, að á hverri stundu yrði hægt að skýra frá lausn þessara mála, en dráttur varð meiri á því, en búist var við. Skýrði formaður frá ýmsum atriðum í þeim breytingum, sem nú nýlega hafa verið gerðar á verðlagsákvæðum á byggingarefni.

Þá gat formaður þess, að stjórnin hefði samþykkt inntökubeiðni frá

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vátusvirkjanum h/f samkvæmt samþ. síðasta aðalfundar um að vísa beiðninni til ákvörðunar stjórnarinnar. Aftur á móti óskaði stjórnin að aðalfundurinn tæki ákvörðun um inntökubeiðni Slippfélagsins þar eð hún teldi vafasamt að félagið uppfylli þau skilyrði sem sett væru um þátttöku.

Gjaldkeri las reikninga félagsins fyrir árin 1954 og 1955. Sýndu þeir eign félagsins í lok síðasta reikningsárs kr. 15807,57. Reikningarnir voru bornir undir atkvæði og samþykktir.

Þá fór fram kosning í stjórn og var endurkjörinn formaður, Ísleifur Jónsson kaupmaður. Meðstjórnendur voru endurkjörnir Haraldur Sveinsson og Vilhjálmur Björnsson, og varamenn Hjörtur Hjartarson og Magnús Helgason. Endurskoðendur voru kjörnir Júlíus Schopka og Jón Loftsson og til vara Þórarinn Björnsson.

Fulltrúar félagsins í Verslunarráði voru endurkjörnir Ísleifur Jónsson og Magnús Helgason.

Þá var tekin til umræðu inntökubeiðni Slippfélagsins h/f. Frestað var að taka ákvörðun um inntökubeiðnina að þessu sinni.

Vísað var til stjórnarinnar að undirbúa breytingar á lögum félagsins þannig að skýrari væru ákvæði um inntökuskilyrði og fleira ef þurfa þykir.

Stjórninni var falið að sækja um inntöku fyrir félagið í Samband smásöluverslana og skipa fulltrúa frá félaginu í sambandið til næsta aðalfundar, ef félagið fengi inngöngu.

Rætt var um leyfisveitingar almennt í byggingarvörum, og þeim tilmælum beint til félagsmanna að þeir gæfu stjórninni sem fyrst rökstuddar umkvartanir í sambandi við það mál.

Fleira ekki rætt – Fundi slitið

Ísl. Jónsson Vilh. Björnsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 15. apríl 1957 kom stjórnin saman á fund til þess að ræða hugsanlegar breytingar á lögum félagsins í samræmi við samþykkt síðasta aðalfundar. Stjórnin var sammála um, að telja ekki heppilegt að gera breytingar á sambandi við skilyrði ~~um~~ fyrir upptöku í félagið. Taldi hún réttara að það væri áfram á valdi stjórnar félagsins og aðalfundar að skera úr um hvort viðkomandi umsækjandi fullnægði þeim skilyrðum er félagið á hverjum tíma teldi nauðsynleg.

Í sambandi við inntökubeiðni Slippfélagsins h/f samþykkir stjórnin að leggja til við aðalfund að umsækjandi verði samþykktur félagi.

Fleira ekki rætt

[illegible]
ritari

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur F.F.B. var haldinn þriðjudaginn 16. apríl 1957 í Þjóðleikhúskjallaranum.

Formaður félagsins setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Því næst gaf formaður yfirlit yfir, þau helstu viðfangsefni, er, stjórnin hafði fjallað um á sl. ári og það, sem af er þessu ári. Gat hann þess, að aðalmálin hefðu verið verðlagsmál. Skýrði hann frá viðræðum þeim, er fram hefðu farið um þessi mál, bæði við verðlagsstjóra og aðra þá aðila, er um þessi mál fjalla.

Þá ræddi hann nokkuð um væntanlegar kröfur verslunarmanna um hækkun kaupgjalds.

Þá skýrði formaður frá samþykkt stjórnar félagsins viðvíkjandi inntökubeiðni Slippfélagsins h.f. Var inntökubeiðnin borin upp og samþykkt með samhljóða atkvæðum.

Gjaldkeri félagsins las upp reikninga þess fyrir s.l. ár. Sýndu þeir hreina eign félagsins pr. 14. apríl 1957, Kr. 16.864,50. Reikningarnir voru bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

Þá fóru fram stjórnarkosningar. Formaður var endurkjörinn, Ísleifur Jónsson, og meðstjórnendur Haraldur Sveinsson og Vilhjálmur Björnsson. Til vara voru kjörnir þeir Hjörtur Hjartarson og Magnús Helgason.

Endurskoðendur voru kjörnir þeir Július Schopka og Jón Loftsson og til vara Þórarinn Björnsson.

Fulltrúar til Verslunarráðs Íslands voru endurkjörnir Ísleifur Jónsson og Magnús Helgason.

Fulltrúi félagsins í Félagi Smásöluverslana var kjörinn Eggert Kristinsson og til

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vera Kleifur Jónsson.

Fleira var ekki tekið fyrir
Fundi slitið.

Gunnar Jónsson Villi Björnsson

Hinn 13. april 1964 var haldinn aðalfundur F.I.B. í Glaumbæ v/ Fríkirkjuveg.

Fundurinn hófst kl. 18$^{30}$

Formaður félagsins setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og sérstaklega þá Þorvarð J. Júlíusson, skrifst.stj. VÍ og Svein Snorrason skrifst.stj. Kaupmannasamtakanna, sem báðir hafði verið að sitja fundinn sem gestir félagsins.

Þá tilnefndi form. Benedikt Valdemarsson sem fundarstjóra. Fundarritari annaðist Vilhjálmur Björnsson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundarritari las fundargerð síðasta aðalfundar og var hún borin undir atkvæði og samþykkt.

II Formaður flutti skýrslu félagsstjórnarinnar um störf hennar á s.l. ári. Gat þeirra lagfæringa, sem fengist hefðu á álagningu byggingavara nýlega og taldi þar eftir atvikum viðunandi. Þá ræddi hann nokkur hingaðgildandi hömlur á innflutningi byggingavara og taldi aðalverkefni næstu

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stjórnar félagsins, að fá lagfæringu á þeim.

Í lok ræðu sinnar þakkaði formaður meðstjórnendum gott og ánægjulegt samstarf.

III Þá las gjaldkeri upp reikninga félagsins fyrir s.l. ár, og höfðu þeir verið endurskoðaðir og áritaðir af endurskoðendum félagsins. Reikningarnir voru bornir undir atkvæði og samþykktir.

IV. Stjórnarkosning:

Formaður var endurkjörinn: Hjörtur Hjartarson

Einnig voru endurkjörnir meðstjórnendur:

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur F.Í.B. var haldinn föstudaginn 13. júní ~~í Þ~~ 1958 í Þjóðleikhúskjallaranum og hófst hann kl. 6 eftir hádegi.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Stakk hann upp á Hirti Hjartarsyni sem fundarstjóra og var það samþykkt.

Fundarritari var tilnefndur Vilhj. Þórusson.

Fundargerð síðasta aðalfundar var lesin og samþykkt.

Síðan flutti formaður skýrslu um störf stjórnarinnar og helstu viðfangsefni á sl. starfsári.

Skýrði form. frá því að nokkuð hefði dregist að aðalfundur væri haldinn en orsök þess hefði aðallega verið sú að beðið hefði verið eftir úrræðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálunum, en svo sem kunnugt væri hefðu þau mál verið mjög lengi á döfinni

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá rakti formaður um ~~gang~~ framgang og yfirlit helstu mála er stjórn félagsins hafði fjallað um svo sem, kaupkröfur verslunarfólks, kröfur ~~f~~ um breytta álagningu vara, skattamál og gjaldeyrismál.

Umræður urðu nokkrar um þessi mál ~~og t~~ aðallega kaupgjaldsmál og verðlagsmálin og komu fram nokkrar fyrirspurnir þeim málum viðvíkjandi og svaraði formaður þeim.

Því næst las gjaldkeri upp endurskoðaða reikninga félagsins fyrir sl. starfsár og sýndu þeir hreina eign félagsins pr. 13/6 1958 Kr. 16.955,97, Reikningarnir voru bornir undir atkvæði og samþykktir.

Í stjórn félagsins voru endurkjörnir Ísleifur Jónsson, form og meðstj. Haraldur Sveinsson og Villijálmur Björnsson

Í varastjórn voru endurkjörnir Kristinn Kristjánsson og Magnús Helgason.

Endurskoðendur voru endurkjörnir þeir Júlíus Schopka og Jón Loftsson og til vara Þorvarður Björnsson

Fulltrúar til Verslunarráðs Íslands voru endurkjörnir Ísleifur Jónsson og Magnús Helgason, til vara

Fulltrúi félagsins í Félagi Smásöluverslana var kjörinn Eggert Kristinsson og til vara Ísleifur Jónsson.

Fundarinn þakkaði stjórn félagsins vel unnin störf.

Formaður þakkaði félagsmönnum góða samvinnu og traust það er þeir sýndu stjórninni með því að endurkjósa hana.

Fleira gerðist ekki

Fundi slitið

[signature] Vilhj. Björnsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 20/8/58 kom stjórnin saman á fundi. Til umræðu voru launakröfur verzlunarfólks.

Stjórnin var sammála um að taka svipaða afstöðu til þessara mála og önnur sergreinafélög innan Fél. smásöluverzlana, og að reyna að ná samkomulagi með sem minnstum breytingum á gildandi kjarasamningi.

Samþ. stjórnin að ganga að 5-6% launahækkun.

Villi Björnsson

Hinn 25. des 1958 kom stjórn félagsins saman á fundi til þess að taka afstöðu til umsóknar hf. Akurs í Fél. ísl. byggingarefnakaupmanna.

Varð stjórnin sammála um að veita nefndu fyrirtæki inntöku í félagið.

Villi Björnsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 28/1. 1959 hélt stjórnin með sér fund til þess að ræða óskir ríkisstjórnarinnar um 5% lækkun á gildandi verðlagsákvæðum. ~~í smásölu~~.

Taldi stjórn félagsins ósanngjarnt að álagning yrði skert á þeim vöruflokkum, sem enga lagfæringu hefðu fengið um álagningu með breytingum þeim, sem gerðar voru 12/9 1958.

Til vara samþ. stjórn félagsins að gengið væri inn á 3,4% lækkun.

[illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur F.F.B. var haldinn
föstudaginn 12. júní 1959 í
Tjarnarcafé.
Formaður setti fundinn og bauð
fundarmenn velkomna. Fundarstjóri
var kjörinn Hjörtur Hjartarson
og fundarritari Vilhjálmur
Björnsson.
Áður en gengið var til dagskrár
minntist formaður Jóns Loftssonar
kaupmanns, er látist hafði á s.l.
ári. Risu fundarmenn úr sætum
og minntust hins látna félaga.
Að því loknu var gengið til dag-
skrár. Ritari las fundargerð síðasta
aðalfundar og var hún samþykkt.
Þessu næst flutti formaður
ítarlega skýrslu um störf
stjórnarinnar og skýrði frá
málum þeim er hún hafði
fjallað um á starfsárinu.
Engar sérstakar umræður urðu
um skýrslu formannsins

Þá las gjaldkeri upp endurskoðaða
reikninga félagsins pr. 12. júní 1959.
Sýndu þeir hreina eign félagsins
kr. 14.337,43. Tap á árinu hafði
numið kr. 2598,54
Reikningarnir voru bornir undir
atkvæði og samþykktir.
Þá fór fram stjórnarkjör og var
formaður endurkjörinn, Ísleifur Jónsson
~~svo~~ og meðstjórnendur þeir Haraldur
Sveinsson og Vilhjálmur Björnsson og
varamenn Magnús Helgason og Hjörtur
Hjartarson.
Endurskoðendur voru ~~einnig endur~~
kjörnir Július Schopka og Eggert
Kristinsson og til vara Þórarinn Björnsson
Fulltrúi til Verzl.ráðs Íslands var
endurkjörinn Ísleifur Jónsson og til
vara Magnús Helgason
Fulltrúi til Kaupmannasamb. var
kjörinn Ísleifur Jónsson og Eggert
Kristinsson til vara
Tillaga kom fram um

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hækkun á árstillagi til félagsins
úr kr. 500.- í kr. 750.- og var
sú tillaga samþykkt með sam-
hljóða atkvæðum.

Sleifur Jónsson, form. þakkaði
~~traust~~ félagsmönnum traust það
er þeir sýndu honum og sam-
starfsmönnum hans í stjórn
félagsins og þakkaði góða sam-
vinnu.

Fundarstjóri þakkaði formanni
og stjórn félagsins vel unnin
störf. Fundinn sátu fulltr. frá 15 félögum

Fleira var ekki gert
Fundi slitið

Villi [illegible]

föstud. Aðalfundur F.F.B. var haldinn 25 nov. 1960 í húsakynnum Klúbbsins hf. að Lækjarteigi 2. kl. 6. e.h.

Formaður félagsins setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Fundarstjóri var kjörinn Aðalsteinn Jóhannsson og fundarritari Vilhjalmur Björnsson

Þetta gerðist:

1. Ritari las fundargerð síðasta aðalfundar sem haldinn var 12. júní 1959. Var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt

2. Formaður flutti skýrslu félagsstjórnar um störf stjórnarinnar ~~frá síðasta a~~ milli aðalfunda og helstu verkefni er hún hafði haft með að gera. Að lokinni ~~skýrslu~~ lestri skýrslunnar gat formaður þess, að félagið hefði orðið 30 ára á þessu ári. Það var stofnað 31. marz 1930.

Engar umræður urðu um skýrslu stjórnarinnar.

3. Gjaldkeri félagsins las reikninga þess fyrir tímabilið frá 13/6 1959 til 25/11 1960. Sýndi efnahagsreikningur hreina eign félagsins Kr. 13995,02. Á tímabilinu höfðu útgjöld ~~numið~~ orðið meiri en tekjur, þannig að rekstursreikn. sýndi tap Kr. 362,41. Reikningarnir voru bornir undir atkvæði og samþykktir.

4. Samkvæmt tillögu gjaldkera var samþykkt að fella niður tillag félagsmanna fyrir árið 1960. Þá var ennfremur samþykkt að hafa árstillag fyrir 1961 óbreytt frá 1959, eða Kr. 750.00.

5. Þá fór fram kosning stjórnar og var hún endurkjörin. Á sama hátt var og varastjórn endurkjörin.
Stjórnin er þannig skipuð:
Form. Ísleifur Jónsson
Meðstj: Haraldur Sveinsson og

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vilhjálmur Björnsson.
Varastjórn: Magnús Helgason og
Hjörtur Hjartarson
Endurskoðendur voru og endurkjörnir
þeir Julius Schopka og Eggert Kristinsson
frá Björnssyni –

6. Fulltrúi félagsins í V. F. var kjörinn Bleifur Jónsson og til vara Magnús Helgason.
Fulltrúi til Kaupmannasamtakanna var kjörinn Bleifur Jónsson og til vara Eggert Kristinsson.

7. Samþykkt var inntökubeiðni frá Veggfóðraranum h/f. Hverfisgötu í Rvík

8. Nokkrar umræður urðu í sambandi við innflutning á hreinlætistækjum frá Tékkóslóvakíu og göllum, sem fram hefðu komið á þeim og þá sérstaklega salerniskössum. Höfðu gallar á þessum vörum valdið miklu tjóni og margvíslegum óþægindum fyrir innflytjendur jafnt sem viðskiptamönnum þeirra.
Út af máli þessu var eftirfarandi tillaga samþykkt:
„Fundurinn felur stjórn félagsins að kalla sem fyrst saman á fund, innflytjendur á hreinlætistækjum og þeim til framhaldsumræðna um galla, sem fram hafa komið á vörum þessum".

9. Í fundarlok þakkaði formaður félagsmönnum traust sér sýnt og meðstjórnendum gott og ánægjulegt samstarf.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið.
Fundinn sátu fulltrúar frá 16 meðlima félögum.
Að loknum fundi var sameiginlega snæddur kvöldverður í veitingasal klúbbsins.

Vilh. Björnsson
rit.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 27 des 1960 kom stjórn félagsins
á fund með innflytjendum á hreinlætis-
tækjum og vörum. Hafði stjórnin boðað til
þessa fundar samkv. samþ. aðalfundar
um það.

Helstu mál sem rædd voru:

1. Gallar á klósettkössum
2. Nýjar reglur um skolp- og hitalagnir
sem Reykjavíkurbær hefur á döfinni
3. Innflutningur á vörum frá Rússlandi
4. Ýmis verðlagsákvæði

Framanritud atriði voru rædd á víð og
dreif og var fundurinn á einu máli um
að vinna bæri að því, að gefa innflutning
á hreinlætistækjum algjörlega frjálsan.
Í sambandi við nýjar reglur um skolp-
og hitalagnir voru þeir Sighvatur Einarsson
og Aðalsteinn Jóhannsson tilnefndir til
þess að fara á fund verkfræðings bæjarins
sem þessi mál heyra undir svo og Hita-
veitustjórn. Jafnframt skyldu þeir og
stjórn félagsins krefjast þess við
bæjaryfirvöldin að félagið, eða fulltrúar
tilnefndir af því fengju að fylgjast með
þeim breytingum sem gera ætti á áður-
greindum málum áður en endanlegar
samþykktir yrðu gerðar.

Þá var nokkuð rætt um ábyrgðarskyldu
verslana á gölluðum vörum. Ennfremur
um hvaða reglum skyldi beitt í sambandi
við vörur sem viðskiptamaður vildi skila
aftur án ástæðna sem ættu uppruna
sinn að rekja til galla á vörunni. Taldi
fundurinn nauðsynlegt að um þessi
atriði yrðu settar fastar reglur, sem
félagsmenn færu eftir.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið

Villi Þórsson
rh

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 4. nov. 1961 kom stjórn félagsins
saman til þess að taka til meðferðar
og ákvörðunar umsóknir um inntöku
í félagið, sem borist höfðu formanni
á árinu frá eftirtöldum aðilum:
Málarabúðin, Vesturgötu 21
Pensillinn, Laugaveg 4
Versl. O. Ellingsen h/f, Hafnarstræti
Malnv.v. Péturs Hjaltested Snorrabraut
Málning & Lökk, Laugaveg.
Stjórnin samþykkti þessar inntökubeiðni
og ákvað að leggja þær fyrir aðalfund
til endanlegrar samþykktar
Fleira var ekki gert

Vilh. Kristinsson
rit

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimtudaginn 14. des. 1961 var haldinn aðalfundur F.Þ.B. í Glaumbæ við Fríkirkjuveg.

Formaður félagsins setti fundinn ~~og~~ og bauð félagsmenn velkomna.

Fundarstjóri var kjörinn Aðalsteinn Jóhannsson og fundarritari Vilhjálmur Björnsson.

Lesin var fundargjörð síðasta aðalfundar og var hún samþykkt.

Því næst las formaður félagsins skýrslu félagsstjórnar og skýrði frá helstu störfum ~~[illegible]~~ stjórnarinnar á liðnu starfsári.

Að lokinni skýrslu formanns las gjaldkeri félagsins reikninga þess og voru þeir samþykktir.

Þessu næst fóru fram almennar umræður.

Óskar Nordmann beindi fyrirspurn til formanns félagsins í sambandi við kosningar í stjórn Kaupmanna-samtakanna. ~~Formaður svaraði~~

~~Fyrirspurninni og~~
Nokkrar umræður urðu út af þessu máli. Formaður svaraði fyrirspurninni og var málið að lokum tekið af dagskrá.

Tillaga kom fram frá Haraldi Sveinssyni um að stjórn félags yrði skipuð 5 mönnum í stað þrem og var hún studd af Hirti Hjartarsyni. Að nokkrum umræðum loknum var þessi tillaga samþykkt.

Þessu næst fór fram kjör formanns og meðstjórnenda. Kjörnir voru þessir:

| | | |
|---|---|---|
| Form: | Ásleifur Jónsson | m. 20 atkv |
| meðst: | Haraldur Sveinsson | 20 – |
| | Vilhjálmur Björnsson | 20 – |
| | Hjörtur Hjartarson | 18 – |
| | Eggert Kristinsson | 12 – |

Varastjórn voru kjörnir:
Kristján Kjartansson og
Jónas Sveinsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Endurskoðendur voru kjörnir
Július Schopka og Þórarinn Þórarins.
og til vara Ottar Ellingsen.

Fulltrúi í stjórn Verslunarrráðs Ísl.
var kjörinn Haraldur Sveinsson
og til vara Ottar Ellingsen.
Fulltrúi í fulltrúaráð í kaupmanna-
samtökin var kjörinn Ísleifur
Jónsson og til vara Leifur Sveinsson
Samþykkt var að árstillag yrði
sama og áður kr. 750.-
Að þessu loknu fóru fram umræður
um viðskipti við vöruskiptalöndin
og kom fram almenn óánægja
í sambandi við þau, bæði sérstak-
lega hvað gæði varanna snerti,
svo og verðlag almennt.
Formaður lýsti því yfir að stjórn
félagsins mundi taka þessi mál
til meðferðar og leitast við að
fá lagfæringu á þeim eftir því
sem kostur væri á.

Fleiri mál voru ekki rædd
og að lokum þakkaði fundar-
stjóri stjórn félagsins góð störf
og óskaði félaginu allra heilla.
Þessu næst var fundi slitið.

[signature]

Þórir Þórarins.
rit.

Miðvikudaginn 25 apríl 1962 var haldinn almennur félagsfundur í húsak. Verzlunarráðs Íslands.

Tilefni fundarins var að ræða almennt verðlags- og viðskiptamál.

Formaður félagsins setti fundinn og skýrði frá því, sem gerst hafði í innflutningsmálum. Las hann bréf félagsins til Viðskiptamálaráðuneytisins dags 21. febr. þar sem ítrekuð var beiðni félagsins um lagfæringu á innflutningi ýmissa byggingarvara. Skýrði hann síðan frá hverjar lagfæringar hefðu náð fram að ganga.

Í sambandi við innflutning á vörum uppl. form. að leyfisveitingar fyrir þeim mundu verða ákveðnar nk. mánudag 30. þ.m. og væri nauðsynlegt að þeir félagsmenn, sem óskuðu að flytja inn þessar vörur frá V. Evrópu sendu inn umsóknir fyrir þennan tíma.

Þá skýrði formaður frá því að gert væri ráð fyrir að stjórn félagsins fengi viðtal við Dr. Odd Guðjónsson og Björgvin Sigurðsson í sambandi við verðlagsmál.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið.

[signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 26. apríl, 1963 var haldinn aðalfundur félagsins, í Þjóðleikhúskjallaranum.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Áður en gengið var til dagskrár minntist formaður látins félaga, Karls Schram og risu fundarmenn úr sætum.

Fundarstjóri var kjörinn Aðalsteinn Jóhannsson og fundarritari Vilhjálmur Björnsson.

Þá var lesin fundargjörð síðasta aðalfundar og var hún samþykkt.

Því næst flutti formaður skýrslu félagsstjórnar og skýrði frá störfum stjórnarinnar frá því síðasti aðalfundur var haldinn, og ræddi helstu viðfangsefni félagsins, sem framundan væru.

Að lokinni skýrslu formanns las gjaldkeri reikninga félagsins, sem höfðu verið endurskoðaðir og áritaðir af endurskoðendum félagsins. Reikningarnir voru bornir undir atkvæði og samþykktir

Þá fór fram kjör formanns og meðstjórnenda.

Áður en kjör formanns fór fram lýsti Ísleifur Jónsson yfir því, að hann óskaði eindregið eftir, að verða ekki í kjöri til formanns og stakk jafnframt upp á Birli Hjartarsyni í það sæti, og var hann því næst ~~t~~ einróma kjörinn formaður.

Meðstjórnendur voru kjörnir:

Haraldur Sveinsson

Ísleifur Jónsson

Eggert Kristinsson og

Vilhjálmur Björnsson

Varamenn voru kjörnir

Jónas Sveinsson og

Kristján Kjartansson

Endurskoðendur voru endurkjörnir, þeir

Júlíus Schopka og

Þórarinn Björnsson

Og til vara

Ottar Ellingsen

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fulltrúi í Kaupmannasamtökin var kjörinn
Ísleifur Jónsson
Til vara
Leifur Sveinsson

Þá kom fram tillaga frá gjaldkera félagsins þess efnis, að árstillag til félagsins yrði hækkað úr Kr. 750,- í Kr. 1000.- og var tillagan einróma samþykkt.

Hinn nýkjörni formaður þakkaði fundarmönnum það traust sem honum hefði verið sýnt með því að kjósa sig formann þessa félags. Þá þakkaði hann fráfarandi formanni gott og óeigingjarnt starf í þágu félagsins sem stjórnarformaður undanfarin 10 ár.

Þá fóru fram almennar umræður, sem aðallega snerust um verðlagsmál, sem vænta mátti, þar sem þau hafa verið aðalviðfangsefni félagsins um ára bil. Fráfarandi formaður skýrði frá því sem stjórn félagsins hafði gert í þessum málum bæði í gegnum bréfaskriftir og viðtöl og eins fyrir milligöngu Kaupmannasamtakanna. Ríkisstjórn og verðlagsyfirvöld hefðu hinsvegar daufheyrst við þessum kröfum og litlar eða engar leiðréttingar fengist. Fyrir hönd stjórnar félagsins lýsti hinn nýkjörni formaður því yfir, að haldið yrði áfram að vinna að þessum málum.

Þá var nokkuð rætt um söluaðferðir S.Í.S. á vörum frá málningarverksm. Sjöfn á Akureyri og kom fram, að þær vörur mundu vera seldar hér í Reykjavík frá vörugeymslum S.Í.S., beint til notenda á verði, sem væri milli heildsölu- og smásöluverðs.

Í sambandi við verðlagsmál var svohljóðandi tillaga samþykkt:

Aðalfundur Félags ísl. byggingarefnakaupmanna, haldinn 26. apríl 1963 beinir þeim tilmælum til hlutaðeigandi yfirvalda, að nú þegar verði felld úr gildi hin óraunhæfu verðlagsákvæði, sem ennþá gilda um

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stóranum hluta byggingarvara,
eða að þeim verði breytt þannig,
að viðunandi sé.

Fleira gerðist ekki, og sleit fundarstjóri fundinum og þakkaði mönnum góða fundarsókn.

Hjörtur Hjartarson

Villi Þ. Björnsson

Almennur félagsfundur var haldinn í húsakynnum Kaupmannasamtakanna miðvikudaginn 5. mars 1964.

Tilefni fundarins var að ræða almennt um verðlagningu vara, sem undþegnar væru verðlagsákvæðum, samkvæmt hinum nýsettu reglum um verðlagningu, sem í gildi gengu hinn 3. mars 1964.

Gerður var samanburður verðlagsákvæði sem giltu 1958, en hin nýju verðlagsákvæði eru aðallega miðuð við þau ákvæði sem þá giltu.

Málið var rætt fram og aftur og urðu menn yfirleitt sammála um, að vera ekki undir þeirri hundraðshlutaálagningu, er var í gildi 1958.

Þá var rætt um afstöðu manna til hækkunar á þeim vörum, sem fyrir eru. Nokkrir aðilar höfðu þegar gert ráðstafanir til slíkrar hækkunar

Fleira gerðist ekki - Fundi slitið

V. Þ. Björnsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 13. marz 1964 var haldinn aðalfundur F.I.B. í Glaumbæ v/ Fríkirkjuveg
Fundurinn hófst kl. 18^30

Formaður félagsins setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna, og sérstaklega þá Þorvarð J. Júlíusson skrifst.stj. VÍ og Svein Snorrason skrifst.stj. Kaupmannasamtakanna, sem hafði verið boðið að sitja fundinn sem gestir félagsins.

Þá tilnefndi formaður Benedikt Valdemarsson sem fundarstjóra. Fundarritun annaðist Vilhjálmur Björnsson.

Þetta gerðist á fundinum:

I Ritari las fundargerð síðasta aðalfundar og var hún borin undir atkvæði og samþykkt.

II Formaður flutti skýrslu félagsstjórnar um störf hennar á liðnu ári. Gat þeirra lagfæringa, er nýlega höfðu fengist á álagningu byggingavara og taldi eftir atvikum viðunandi. Þá ræddi hann nokkuð gildandi hömlur á innflutningi byggingavara og taldi megin verkefni næstu félagsstjórnar að fást við þau mál og fá á þeim leiðréttingu.

Í lok ræðu sinnar þakkaði formaður meðstjórnendum sínum gott og ánægjulegt samstarf.

III Gjaldkeri las upp reikninga félagsins fyrir liðið ár. Þeir höfðu verið endurskoðaðir og áritaðir af endurskoðendum félagsins. Reikningarnir voru bornir undir atkvæði og samþykktir.

IV Stjórnarkjör:

Formaður var endurkjörinn: Sigurður Kjartansson

Einnig voru endurkjörnir meðstjórnendur:

Haraldur Sveinsson
Ísleifur Jónsson
Eggert Kristinsson og
Vilhjálmur Björnsson

Varamenn í stjórn voru kjörnir

Kristján Kjartansson og
Magnús Jónsson

Endurskoðendur voru kjörnir

Júlíus Schopka og
Þórarinn Björnsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og til vara: Ottar Ellingsen.
Fulltrúi í Kaupmannasamtökum var kjörinn Eggert Kristinsson, en Kristleifur Jónsson, sem um árabil hafði verið fulltrúi félagsins í þessum samtökum baðst nú eindregið undan endurkjöri.
Til vara var kjörinn Ottar Ellingsen

V. Gjaldkeri félagsins lagði til að árstillag skyldi vera óbreytt Kr. 1000.- og var það samþykkt.

VI. Önnur mál:
Formaður ræddi nokkuð framtíðarhorfur og þá óvissu sem ríkti nú í sambandi við gjaldeyrismál og gengismál.
Gerði hann í þessu sambandi fyrirspurn til skrifstofustjóra VÍ um horfur í gengismálunum.
Skrifstofustjórinn svaraði því til, að ekki væri ástæða, á þessu stigi til sérstaks uggs um gengisfellingu á náinni framtíð. Hinsvegar mundi þetta að sjálfsögðu byggjast á því hversu til tækist um kaupsamninga við verkamenn og launþega almennt nú á komandi sumri.

Haraldur Sveinsson þakkaði formanni félagsins góð störf í þágu félagsins og fyrir hönd meðstjórnenda gott samstarf á liðnu ári.
Níls Karlsson þakkaði stjórn félagsins í heild fyrir ágæt störf.
Dagskrá var nú tæmd og umræðum lokið.
Að endingu þökkuðu fundarmenn fundarstjóra fyrir góða stjórn á fundinum.
Fleira gerðist ekki og var fundi slitið.
Fundinn sátu 21 fulltrúi frá 17 meðlimafélögum, auk þess tveir gestir svo sem áður er getið.

Hjörtur Hjartarson     Vilhelm Björnsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudag 23. nov. 1964 var haldinn almennur félagsfundur í Tjarnarbúð (Oddfellow-húsinu).

Formaður skýrði frá tilefni fundarins, sem var lokunartími sölubúða.

Kaupmannasamtökin hafa rætt þetta mál lauslega við fulltrúa hinna ýmsu sérgreinafélaga innan samtakanna og óskað álits félaganna um þessi mál.

Borgarstjórn hafði fyrir sitt leyti samþykkt heimild til að hafa opið á föstudögum til kl. 10 og til kl. 4 á laugardögum. VR hefur hinsvegar ekki, fyrir hönd sinna meðlima, viljað samþykkja þetta fyrirkomulag á lokunartíma.

Fundarmenn töldu sig almennt hafa lítinn áhuga á breyttum lokunartíma og beindu þeim tilmælum til fulltrúa félagsins í Kaupmannasamtökunum að hann túlkaði þessa skoðun þeirra við samtökin og varaði við skjótráðnum breytingum á þessu sviði.

Þá var nokkuð rætt um erfiðleika á innheimtu reikninga. Í því sambandi kom fram ábending um hvort ekki væri rétt að athuga möguleika á því að semja við lögfræðiskrifstofu um að taka að sér innheimtu á þeim reikningum sem ekki hafa fengist greiddir innan tiltekins tíma, sem nánar yrði svo ákveðinn af félagsmönnum sameiginlega.

Fleira var ekki rætt á þessum fundi.

[illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudaginn 26. maí 1965 var haldinn aðalfundur F.I.B. í veitingahúsinu Höbe við Skólavörðustíg.

Formaður setti fundinn og minntist ~~[illegible]~~, jafnframt látinna félaga, þeirra Júlíusar Schopka og Sighvatar Einarssonar sem látist höfðu frá því, að síðasti aðalfundur var haldinn. Fundarmenn risu úr sætum og minntust á þann hátt þessara burtkvöddu félaga.

Fundarstjóri var kjörinn Aðalsteinn Jóhannsson og fundarritun annaðist Vilhjálmur Björnsson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Ritari félagsins las fundargerð síðasta aðalfundar og var hún borin undir atkvæði og samþykkt.

II Formaður félagsins flutti skýrslu stjórnarinnar um störf hennar á liðnu starfsári. Hann hóf mál sitt með því að geta þess að á þessu ári hefði félagið orðið 35 ára. Það var stofnað í mars árið 1930. Þennan fund sátu nú tveir af stofnendum þess, þeir Óskar Norðmann og Eleifur Jónsson.

Þá bauð form. velkominn á fundinn Knud Bruun framkv.stj. Kaupmannasamtakanna, sem boðið hafði verið að sitja þennan fund. Að því loknu ræddi formaður þau ýmsu mál, sem stjórn félagsins hafði ~~að~~ haft til meðferðar á liðnu starfsári. Störf stjórnarinnar höfðu að venju aðallega snúist um verðlags- og innflutnings-mál. Nokkur rýmkun hefði fengist í verðlagsmálum, en við mjög ramman reip væri að draga um að fá verðlagsákvæði afnumin. Varðandi innflutning kom það fram í skýrslu formanns, að ekki væri ótrúlegt að nokkuð yrði losað um í þeim efnum og þá væntanlega í byggingavöruflokknum. Þá gat hann þess að unnið væri nú að tollabreytingum og vænta mætti þeirra innan langs tíma. Að lokum ræddi formaður erfiðleika á innheimtu mánaðarreikninga og gat þess, að stjórn félagsins hefði töluvert fjallað um þessi mál og sagðist hann vonast til þess, að heyra álit fundarmanna um málið.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

III Gjaldkeri félagsins las reikninga þess
fyrir tímabilið milli aðalfunda.- ~~[illegible]~~
Reikningarnir höfðu verið endurskoðaðir
af kjörnum endurskoðendum félagsins
Gjaldkeri benti á að kostnaður vegna
félagsstarfa hefði aukist verulega og
óskaði álits fundarmanna á því hvort
ekki mundi nauðsynlegt að hækka
~~[illegible]~~ árstillögin.
Reikningarnir voru nú bornir undir
atkvæði og samþykktir.

IV Tillaga kom fram frá gjaldkera um að
hækka árstillögin úr Kr. 1000.- í Kr. 1500.oo
og var hún samþykkt.

V Stjórnarkjör:
Formaður og meðstjórnendur voru endur-
kjörnir og er stjórnin þannig skipuð:
Hjörtur Hjartarson, formaður
Haraldur Sveinsson
Leifur Jónsson
Eggert Kristinsson

og Vilhjálmur Björnsson, meðstjórnendur

Varamenn voru endurkjörnir:
Kristján Kjartansson og
Magnús Jónsson

Endurskoðendur voru kjörnir:
Þórarinn Björnsson
Otto Schopka
~~og Othar Ellingsen~~ til vara

Fulltrúi í kaupmannasamtökin
var kjörinn Kristján Kjartansson
og til vara Othar Ellingsen

VI Önnur mál:
Knútur Bruun þakkaði boð félagstjórnar
að sitja þennan aðalfund. Hann kvaðst
vilja skýra frá nokkrum þeim málum
sem félagsstjórnin hefði beðið Kaupmanna-
samtökin að athuga.
Sagðist þá vilja í upphafi geta þess, að
hann, ásamt form. Iðrekendafélagsins

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og form. V.I. hefði átt viðtal við Jóhann Hafstein, ráðherra og rætt við hann tollamál, verðlagsmál og annað viðkomandi verzluninni.

Hann sagðist sérstaklega hafa rætt álagningu á smíðatimbri, bílplötum og gólfteppum. ~~og~~ Þótt ekki væri í raunininni eðlilegt, að taka svona einstaka vöruflokka til meðferðar þá virtist nú engin önnur leið eins og málum er háttað í þessum efnum.

Þá upplýsti Knútur, að hann hefði nokkuð athugað hver bótaskyldi hvíldi á seljendum vegna gallaðrar vöru. Kvaðst hann hafa átt tal um þetta við einn háskólaprófessor svo og Benedikt Sigurjónsson, sem er sérfræðingur í þessum málum. Nokkuð virðist á huldu um þetta hérlendis, en Benedikt hafði lofað að athuga þetta mál.

Þá ræddi hann nokkuð innheimtumálin Sagðist hafa átt tal við framkv.stj. Stórkaupmannafélagsins um það hvern hátt þeir hefðu á í sambandi við vanskil á greiðslum til meðlima sinna. Hann beindi því til fundarmanna hvort þeir teldu æskilegt að Kaupmannasamtökin tæku upp sama hátt í þessum efnum og Fél. Stórkaupmanna.

<u>Óskar Norðmann</u> gerði fyrirspurn um það hvort stjórn félagsins hefði einhverjar tillögur fram að ~~færa~~ bera í sambandi við innheimtumálin. Hann vitnaði í gamlar samþykktir félagsins um að loka viðskiptum fyrir þeim viðskiftamönnum sem lent hefðu í vanskilum við félagsmenn. Þetta hefði bæði verið illa liðið og svo hefðu félagsmenn ekki í öllum tilfellum haldið þessar reglur. Hinsvegar taldi hann alveg nauðsynlegt, að tekin yrði upp einhver önnur stefna í þessum málum, en ríkt hefði. Sú aðferð að senda innheimtumann með alla reikninga út um bæinn væri næsta óframkvæmanleg lengur vegna hinnar miklu víðáttu borgarinnar, enda væri sú aðferð orðin

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gamaldags og löngu úrelt og ætti sjálfsagt enga hliðstæðu meðal nágranna þjóða okkar. Hann lagði til, að stjórn félagsins yrði falið, að athuga þetta mál mjög gaumgæfilega.
Haraldur Sveinsson taldi það mikils vert að gera sér ljóst hvernig félagsmenn væru stemmdir í innheimtumálunum áður en stjórn félagsins setur fram ákveðnar reglur eða tillögur um innheimtu. Tæplega væri hægt að bera viðskiptamenn félags stórkaupmanna saman við viðskiptamenn ~~og viðskifta~~ þessa félags og viðskiftahætti þeirra. Þó væri vel athugandi hvort ekki væri rétt, að setja upp á einhvern hátt sameiginlega innheimtuskrifstofu fyrir meðlimi félagsins.
Knútur Bruun benti á það, að ótvíræðir kostir væru við það, að hafa sameiginlega innheimtuskrifstofu. Í gegnum hana væri hægt að fá margháttaðar upplýsingar og betra yfirlit yfir þá aðila, sem almennt reyndust vanskilamenn.

Formaður þakkaði þær ábendingar sem fram hefðu komið en taldi hafa verið æskilegt að fleiri hefðu látið skoðun sína í ljós.

Fundarstjóri óskaði stjórn félagsins til hamingju með endurkjörið og þakkaði henni góð störf. Hann taldi þetta félag vera sterkt þótt fámennt væri og ef félagsmenn héldu vel saman mætti ná góðum árangri.
Að lokum var fundarstjóra þökkuð góð fundarstjórn og fundi slitið.

Fundinn sátu 20 fulltrúar frá 16 meðlima félögum, auk ~~eins gests sem áður er getið~~ framkvæmdastjóra Kaupmannasamt. svo sem áður er getið.

Vilhj. Þórisson
ritari

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Almennur fundur haldinn miðviku-daginn 2. mars 1966 kl. 20[45] að Þórsá við Laufásveg. 12 aðilar voru mættir og að auki frá Byggingarv. v. Kópavogs. Guðm. Jónsson og frá Húsasmiðjan, Rvík. Snorri Halldórsson.
Formaður bauð þessa tvo aðila sérstaklega vel komna og vænti þess að þeir mundu geta haft gagn af þeim ráðstöfunum um innheimtumál sem fundur þessi mundi sérstaklega um fjalla. Því víðtækari sem sú upplýsingaþjónusta yrði, sem í ráði væri að koma upp, því meira gagns gætu fyrirtækin vænst af henni. og enda þótt þessir aðilar væru ekki félagar í F.Í.B. enn sem komið væri vænti hann þess að þeir gerðust félagar fyrr en síðar.

Innheimtumál:

Formaður skýrði frá því að lögfræði-skrifstofa þeirra Eyjólfs K. Jónssonar, Jóns Magnússonar o.fl. væri reiðubúin til að taka að sér að halda vanskila-skrá yfir viðskiftamenn þeirra fyrirtækja innan F.Í.B. sem þess kynnu að óska fyrir mánaðargjald kr. 800.- til 1200.-.
Fyrirtækin mundu þá senda lög-fræðiskrifstofunni mánaðarlega nafnaskrá yfir skuldara og skrifstofan síðan taka niður á skrá þá skuldara sem teldust vanskila skuldarar.
Þar gætu svo fyrirtækin fengið upplýsingar, t.d. í síma, þessu viðkomandi.
Formaður lagði einnig fram uppkast að reglum um reikningsviðskifti og um innheimtu-máta ~~mánaða~~- slíkra mánaðarviðskifta.
Fundurinn tók ekki afstöðu til málsins en fundarmenn tóku vel undir það. Hver um sig ~~annast~~ athuga það innan síns fyrirtækis og síðan hafa samband við formann hið fyrsta. Því flestra mál var að æskilegast væri að koma þessu í framkvæmd hið fyrsta.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tollamál:

Formaður gaf fundinum upplýsingar um þær ráðagerðir um breytingar á tollskrá, þ.e. lækkunum sem væntanlega yrðu lagðar fyrir Alþingi nú næstu daga, og munu taka gildi á miðju þessu ári eða fyrr.

Skilaðar vörur:

Fundarsamþykkt:

Viðvíkjandi vörum sem viðskiftamenn ~~kaupandi~~ leitudu eftir að skila aftur, samþykkti fundurinn með samhljóða atkvæðum, að þegar vörur á annað borð teknar aftur, skuli dregið 10% af andvirði þeirra.

Ýmislegt fleira bar á góma, en ekki aðrar samþykktir.

Fundi slitið kl. 10⁴⁵

Þórarinn Björnsson, fundarr.
tilnefndur í forföllum ritara.

Fimmtudaginn 12 maí 1966 var haldinn aðalfundur F.F.B. að Hotel Loftleiðir og hófst fundurinn kl. 6, e.h.

I Formaður setti fundinn og tilnefndi Jóhann Eyjólfsson til þess að annast fundarstjórn. Fundarritun annaðist Vilhjálmur Björnsson.

II Áður en gengið var til dagskrár minntist formaður látins félaga, Karl Guðmundssonar framkv.stj. hjá Slippfélaginu. Fundarmenn risu úr sætum og heiðruðu þannig minningu hins látna.

III Þá las ritari félagsins fundargerð síðasta aðalfundar og var hún borin undir atkvæði og samþykkt.

IV. Formaður félagsins flutti skýrslu stjórnarinnar um störf hennar frá síðasta aðalfundi og ræddi þau helstu mál, sem stjórnin hafði fjallað um og var þar efst á baugi lánsviðskipti og innheimta, en um það mál hafði félagsmönnum verið skrifað nokkru

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrr á árinu.

V. Þá las gjaldkeri reikninga félagsins fyrir tímabilið 25/5 1965 til 12/5 1966 og voru þeir bornir undir atkvæði og samþykktir

VI. Að þessu loknu skyldi gengið til kosningar á formanni félagsins og meðstjórnendum. Áður en gengið var til þeirra kosninga tilkynnti fráfarandi formaður, Hjörtur Hjartarson að hann bæðist eindregið undan endurkjöri sem formaður og stakk uppá Haraldi Sveinssyni í það starf. Var Haraldur einróma kjörinn formaður félagsins.
Þá lýstu þeir Leifur Ísaksson og Vilhjálmur Björnsson því yfir, að þeir óskuðu nú eftir því, að losna úr stjórn félagsins og þökkuðu fyrv. formanni og meðstarfsmönnum í stjórninni félagsins ánægjulegt samstarf á liðnum árum.
Hinn nýkjörni formaður stakk því næst upp á eftirtöldum mönnum

í stjórn félagsins:
Hirti Hjartarsyni
Eggerti Kristinssyni
Birni Hallgrímssyni
og Leifi Ísleifssyni og voru þeir allir kjörnir.
Varamenn í stjórn voru kjörnir
Aðalsteinn Jóhannsson
og Kristján Kjartansson

Endurskoðendur voru kjörnir
Þórarinn Björnsson
og Sigfús Kroyer
til vara Othar Ellingsen

Fulltrúi félagsins í Kaupmannasamtökunum var kjörinn
Pétur Hjaltested - og til vara
Kristján Kjartansson.

Tillaga kom fram um, að hækka árstillag til félagsins úr kr. 1500.- í kr. 2000.- og var hún samþykkt

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir
Áður en fundi var slitið þakkaði
fundarstjóri fráfarandi stjórnarmeðlimum
þeim Ísleifi Jónssyni og Vilhjálmi Þórarssyni
fyrir gott starf í þágu félagsins, og
fundarmenn þökkuðu fundarstjóra góða
fundarstjórn

Fleira gerðist ekki og var
fundi slitið

Þess skal að lokum getið, að að
afloknum fundi var snæddur kvöld-
verður í Hábæ og sátu konur
fundarmanna þetta hóf, sem var
hið ánægjulegasta

Vilh. Þórarinsson
rit.

Stjórnarfundur var haldinn í félaginu miðviku-
daginn 29. júní 1966, í húsakynnum Kaupmanna-
samtaka Íslands að Marargötu 2. Til fundarins
mætti stjórnin að undanskyldum Eggerti Kristinssyni,
ásamt Knúti Bruun framkvæmdastjóra Kaupmanna-
samtaka Íslands. Til umræðu voru verðlagsmál.
Ákveðið var að formaður og varaformaður skyldu
skrifa ráðherra bréf um breytingar þar sem
brýnust þörf væri að fá leiðréttingu á t.d. timbri,
pípum, gólfdúk, málningu og niðurskornum gólf-
teppum. Fundarmenn voru á einu máli um að
hagur fyrirtækja þeirra hefði til muna batnað á
árinu 1965, en betur mætti þó vera. Verðlags-
ákvæði á þjónustu þeirra ættu lítinn rétt á sér,
þar sem farmgj. uppskipun, hafnargjöld o.fl. væru
ekki háð verðlagseftirliti og ekki heldur sala
fasteigna. Álagning þeirra væri ekki hár liður
í byggingarkostnaði fasteigna og framboð hefði
stóraukist svo eðlilegt mætti teljast. Oft er
stærri viðskipti ættu sér stað væri samið um
afslátt og því eðlilegt að álagningarprósenta væri
frjáls, þar sem að félagsmenn hefðu sýnt það,

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í verki, að þeir kynnu að fara með slíkt af fyllstu gát.

Fundur hófst kl $16^{00}$ og lauk $17^{10}$.

Sigurður Ólafsson.

Fundur var haldinn í félaginu miðvikudaginn 9. nóv. 1966 kl. $20^{30}$ í húsakynnum Verzlunarráðs Íslands. Til fundarins mætti stjórn félagsins ásamt Pétri Hjaltested, fulltrúa félagsins í Kaupmannasamtökum Íslands. Formaður gat þess að hann hefði skrifað ráðuneyti verðlagsmála bréf, um afnám álagningarprósentu. Þá er rædd var á fundi 29. júní þ.á., en svar hefði ekki borizt. Ennfremur gat hann þess að Kristinn Bruun hefði lagt að ráðuneyti verðlagsmála, að lagður yrði fyrir verðlagsnefnd listi yfir breytingu á álagningarprósentu almennt.

Hjörtur Hjartarson gat þess að hann væri í nefnd til rannsóknar á byggingarkostnaði og hefðu verið haldnir þrír fundir um það mál. Hann taldi dálítils misskilnings gæta í verðlagningarmálum byggingavörusala hvað álagningu snerti, og kvaðst mundi verða vel á varðbergi til að leiðrétta slíkan misskilning. Ennfremur gat Hjörtur þess, að hann hefði verið beðinn að skrifa grein í Handbók húsbyggjenda, um þátt byggingavörusala í húsbyggingu, og myndi

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann gera það í samráði við stjórnina. Talið var eðlilegt, ef að þörf krefði, að fengin yrði aðstoð sérfróðra manna í báðum þessum málum á kostnað félagsins.

Margt annað bar á góma á fundi þessum m.a. lánsviðskifti og vaxandi örðugleikar á innheimtu og afsögn víxla. Voru fundarmenn á einu máli um að brýn nauðsyn væri á endurskoðun á lánsviðskiftafyrirkomulaginu. Þ.á. kom það til tals, ef að samþykki verðlagsnefndar fengist, að leggja 10% hærri álagningu á vörur, en gefa 10% afslátt gegn staðgreiðslu, því mjög mikið væri um smáreikninga allt frá kr. 5.00 til kr. 1000.00, sem kostnaðar vegna gæti ekki borgað sig að lána, með óbreyttu formi.

Verzlunarráð Íslands og Kaupmannasamtök Íslands voru og til umræðu á fundi þessum. Bent var á óhagræði að vera að borga félagsgjöld í mörg félög.

Hjörtur Hjartarson taldi að kapphlaup í að gefa afslátt væri ekki eðlilegt og vildi að menn ættu að binda afslátt við t.d. 2% af vörum með bundinni álagningu og 5% af frjálsri álagningu.

Fundarmenn samþykktu samhljóða tillögu Hjartar Hjartarsonar, að koma saman til fundar einu sinni í mánuði t.d. miðvikudagskvöldi til að ræða helstu mál hverju sinni.

Fundi var slitið um kl. 22³⁰

Sigurður Sveinsson.

Fundur var haldinn í stjórn félagsins hjá formanni Haraldi Sveinssyni í Völundi, föstudaginn 23. feb. 1968. kl. 13³⁰

Umsókn liggur fyrir frá Hjartar Jónsson byggingavöruverzlun í Reykjavík um inngöngu í félagið.

Umsóknin var samþykkt samhljóða.

Samþykkt var að leggja fyrir aðalfund lagabreytingu samkv. 5. grein K.Í.

Rætt var um fulltrúa félagsins í fulltrúaráði K.Í. Gengið frá dagskrá aðalfundar

S. Sveinsson.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur var haldinn í félaginu þriðjudaginn 29. nóvember '66, kl. 15.30, að Hótel Borg.

Tilefni fundarins var tillaga að lögum fyrir Kaupmannasamtök Íslands. Stjórnin ræddi tillögu þessa og komst að þeirri niðurstöðu að breyta þyrfti lögum félagsins til að vera í Kaupmannasamtökum Íslands.

Stjórnin fól Hirti Hjartarsyni og Haraldi Sveinssyni að mæta á fundi hjá K.Í. þar sem ræða skyldi tillögu þessa.

Einnig voru lauslega rædd verðstöðvunarmál ríkisstjórnarinnar. Annað skeði ekki markvert.

Sigurður Elíasson

Stjórn félagsins kom saman til fundar hjá formanni Haraldi Sveinssyni í Völundi, Mánudaginn 11. febrúar 1967. kl. 10.30

Tilefni fundarins var breytingartillaga að lögum fyrir Kaupmannasamtaka Íslands sem samþ. voru 29. nóv. 1966.

Stjórnin ræddi mál þetta nokkuð og samþykkti að fresta aðalfundi, þar til fundur hefði verið í K.Í.

Annað var ekki til umræðu

S. Elíasson.

Stjórn félagsins, kom saman til fundar í húsakynnum Verzlunarráðs Íslands við Laufásveg 12. des. 1967. til fundar við Sigurð Magnússon frá Kaupm.samtökunum og Þorv. Júlíusson frá Verzlunarráðinu.

Tilefni fundarins var að skýra frá álagningarprósentu á byggingarvörum, vegna væntanlegra lækkana.

Annað gerðist ekki

Sigurður Elíasson.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur var haldinn í stjórn félagsins þriðjudaginn 20. febr. '68, hjá formanni Haraldi Sveinssyni í Völundi, og hófst hann kl. $10^{30}$

Formaður afsakaði, að ekki hefði verið haldinn aðalfundur árið 1967, og lýsti sig ábyrgan þess.

Tvö fyrirtæki, Helgi Magnússon & Co og A. Einarsson & Funk hf., hafa hætt rekstri og hafa því ~~sagt sig~~ tilk. afsögn úr félaginu.

Ákveðið skal að því að halda aðalfund föstudaginn 23. þ.m.

Pétur Hjaltested og Gunnar Sebrann voru tilnefndir fulltrúar félagsins á aðalfundi Kaupmannasamtaka Íslands 29. þ.m.

Verðlagsmál voru einnig rædd, voru menn mjög óánægðir með gildandi verðlagsákvæði, er væru alltof lág. Formaður taldi að nær útilokað væri að fá heildarlagfæringu, meðan ósamið væri við verkalýðsfélögin, en þó væri reynandi að fá lagfæringu á einstökum liðum t.d. auglýsingum og kl. taxtanum.

Kaupmannasamtök Íslands og Verzlunarráð Íslands voru einnig rædd og nauðsyn á breytingu á lögum F.Í.B. ef vera ætti áfram í K.Í.

Fleira gerðist ekki markvert og lauk fundi kl. $12^{00}$.

Sigurður Tryggvason.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur F.Í.B. var haldinn föstudaginn 23. febrúar 1968 kl. 6.30 e.h. í „Leifsbúð“, Hótel Loftleiða. Mættir voru 16 fulltrúar af 19 mögulegum.

1. Formaður, Haraldur Sveinsson setti fundinn og stakk upp á Hirti Hjartarsyni sem fundarstjóra. Hjörtur tók við fundarstjórn og tilnefndi sem fundarritara Þórarinn Björnsson.
2. Ritari félagsins las því næst fundargerð síðasta aðalfundar, og var fundargerðin samþykkt einróma.
3. Formaður gaf fundinum skýrslu félagsstjórnarinnar:

„Góðir fundarmenn og konur.

Við höldum í dag aðalfund í Félagi ísl. byggingarefna-kaupmanna, fyrir árið 1966 og 1967, sameiginlega.

Nauðsyn ber til að afsaka þann drátt sem orðið hefur á því að halda aðalfund í félaginu og má segja að nr. 1. skrifist á mig, sem formann, en að nokkru af þeim ástæðum að bjartsýnustu menn vonuðu ávallt að eitthvað jákvætt mundi koma fram í verðlagsmálunum, sem því miður fór á annan veg.

Bezt er því að minnast fyrst á verðlagsmálin. Saga þeirra er mönnum efalaust í fersku minni, en stjórnin og fulltrúar þessa félags hjá V.Í. og K.Í., hafa fylgzt með framvindu málanna.

Á árinu 1966 var lokið við mikla skýrslu um dreifingar-kostnað matvöruverzlunarinnar, sem átti að vera ~~vera~~ grund-

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

völlur til endurskoðunar á verðlagsákvæðum smásöluverzlunarinnar og átti stjórnin ýtarlegar viðræður við Knud Brunn m.a. á fundi 29/6 1966 um hvernig bezt væri að setja fram kröfur um leiðréttingu eða afnám verðlagsákvæða um byggingavörur, og kom Brunn þessum tillögum á framfæri.
Því miður kom afturkippur í öll þessi mál eftir samkomulagið við verkalýðinn í júlí 1966 og síðan bann við öllum breytingum við verðstöðvunarlögum í október 1966.
Þá kom yfirlýsing viðskiptamálaráðherra á aðalfundi Kaupmannasamtakanna í febrúarlok 1967, um skipun nefndar til að undirbúa lagasetningu um hringamyndanir og verðlagsmál, sú nefnd sem oft var nefnd Lonnie-

...........

nefndin, vann mikið starf í maí síðastliðnum og eftir brottför Lonnie's gengu aðrir nefndarmenn frá drögum að lagafrumvarpi, sem hefði haft í för með sér afnám verðlagsákvæða að miklu leyti.
En því miður komu fréttirnar af hinu mikla verðhruni íslenzkra afurða og aflabresti í sjávarútveginum, áður en til kastanna kom að leggja frumvarpið fyrir þingið.
Gangur málanna í nóvember og desember s.l. er okkur í fersku minni. Þá voru álagningarprósent allra vörutegunda lækkað verulega.
Forsætisráðherra lofaði að þessi bráðabirgða ákvæði yrðu lagfærð eins fljótt og unnt væri, en nú kemur í ljós, að einungis hafa náð fram að ganga leiðréttingar á þeim

vöruflokkum, sem aðflutningsgjöld voru lækkuð á og álagningargrunnur-inn breyttist verulega.

Slík er þessi raunasaga. Byggingavörurnar hafa allan þann tíma, sem verðlagsákvæði hafa gilt, verið í lægsta flokki um álagningarprósentu, enda þótt fjöldi viðskiptamanna okkar hafi getað endurselt sína framleiðslu allan þennan tíma án nokkurra afskipta verðlagsyfirvalda.

Ég sem formaður og stjórnin öll hefur reynt að leggja sitt lóð á vogarskálarnar okkur til úrbóta, en því miður á þessu tímabili án árangurs.

Nokkuð hefur verið rætt um lánsviðskipti og erfiðleika á innheimtu og vanskil víxla.

Nokkrir af okkar meðlimum hafa haft samstarf við lögfræðiskrifstofu Jóns Magnússonar o.fl., sem fengið hafa reglulega skrá yfir viðskiptamenn okkar og á þann hátt reynt að fylgjast með því hvort vanskilamenn fari á milli fyrirtækja. Þetta tel ég enn á byrjunarstigi og helzt að vænta aukins árangurs ef fleiri gætu sameinað sig hjá sömu skrifstofu.

Geta má þess að nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um að hraða gangi einfaldra einkamála og gæti þá innheimta auðveldast frá því sem nú er.

Nokkuð var rætt um afslátt af vörusölu, sem mjög hefur verið sótzt eftir nú að undanförnu, þegar samkeppnin jókst með verzlunarfrelsinu.

Var álit félagsfundar 9. nov. 1966, að sölilegt hámark slíks afsláttar ætti að vera 2% af vörum undir verðlagsákvæðum en 5% af frjálsum vörum.

Nú eftir að allar vörur eru komnar undir verðlagsákvæði og álagning

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lækkuð stórlega, mætti ætla að ekki væri lengur grundvöllur fyrir að gefa afslátt.
Nordisk Byggedag. Norrænn byggingadagur verður haldinn hér í borg n.k. 26–28 ágúst, sjá meðfylgjandi rit.
Aðild að félagssamtökum: Félag vort hefur lengi verið sérgreinafélag innan Verzlunarráðs Íslands og hef ég verið fulltrúi félagsins á þeim vettvangi. Sat ég í framkvæmdastjórn frá því í október 1966 til október 1967, en síðan aðeins sem varamaður í framkvæmdastjórn. Ég hef síðan 1966 setið fyrir hönd V.Í. í stjórn Verzlunarskóla Íslands. Einnig var ég í hátíðarnefnd vegna 50 ára afmælis V.Í. Var hvorttveggja sér mikið starf.
Á vegum V.Í. var mér ásamt Magnúsi Brynjólfssyni og Þorvarði J. Júlíussyni, falið að afla upplýsingar um starfsemi

Innkaupastofnunar ríkisins. Bar ég þann tillögu því til árétttingar á síðasta aðalfundi V.Í. Síðan hefur áfram verið unnið að málinu og höfum við nú fengið í hendur gögn, sem ef til vill verða þess valdandi að meira aðhald fáist að starfsemi þessarar stofnunar.
Sem fulltrúar frá Kaupmannasamtökum Íslands, hef ég og Pétur Hjaltested verið kosnir, síðasta tímabil. Höfum við einnig á þeim vettvangi fylgst með gangi mála. Nú liggur hér fyrir fundinum tillaga til lagabreytinga, sem óbeinlega tengir okkur þeim félagssamtökum. Mun ég ræða málið nánar undir þeim lið.
Í undirbúningi eru viðræður um breytingar á samstarfi K.Í., Félags ísl. stórkaupmanna, Félags iðnrekenda og annara innan

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Verzlunarráðs Íslands. Mörgum
innan K.Í. finnst óeðlilegt að
félag sem okkar geti bæði verið
aðili að V.Í. og K.Í. Má búast
við að við gætum þurft að taka
mikilsverða ákvarðanir um þau
mál á næstunni, en að sjálf-
-sögðu yrði ekkert endanlega
ákveðið án þess að bera slíkt
undir félagsfund.
Á aðalfundi K.Í. sem haldinn
verður í næstu viku á stjórnin sæti,
einnig hefur hún tilnefnt sem aðal-
fulltrúa þau frú Unnur Schram og
Pétur Hjaltested.
Stjórnin hefur síðan á síðasta
aðalfundi komið saman á 6 bókaða
fundi auk þess, sem ég hefi verið
á fundum með einstökum stjórnar-
meðlimum. Einn almennur félags-
fundur var haldinn 9. nóv. 1966
Úr félaginu gengu á tímabilinu

Helgi Magnússon & Co
A. Einarsson & Funk
en þessi fyrirtæki hættu verzlun á tímabilinu
Umsókn nýs félaga
Kjartan Jónsson byggingavöruverzlun
var samþykkt.
Ég vil að lokum þakka öllum
félögum ánægjulegt samstarf og
þó einkum meðstjórnarmönnum mínum
Er því skýrslu þessari lokið og
þakka ég gott hljóð."

4. Gjaldkeri las reikninga félagsins
fyrir tímabilið 12/5. 66 – 1/9 1967.
Reikningarnir voru samþ. með
samhljóða atkvæðum.

5 Lagabreytingar:
Stjórnin lagði fram svo hljóðandi
tillögu:
„Fjelagið skal vera í Kaupmanna-
samtökum Íslands (K.Í.) og telst
það og félagsmenn þess vera í K.Í.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Félagsmenn eru háðir lögum félagsins, og K. Í. svo og öllum lögmætum breytingum á þeim, fyrirmælum, reglum, og fundarsamþ. á vegum félagsins og K. Í. og skuldbinda sig til að hlíta þeim.
Tillaga þessi var nokkuð rædd af fundarmönnum.
Tillagan samþykkt með 16 samhljóða atkvæðum.

6. Stjórnarkosning: og aðrar kosningar
Haraldur Sveinsson var endurkjörinn formaður, með öllum atkvæðum.
Aðrir í stjórn félagsins voru endurkjörnir þeir.
Hjörtur Hjartarson, Eggert Kristinsson, Björn Hallgrímsson og Leifur Ísleifsson
í varastjórn. Aðalsteinn Jóhannsson Unnar Schram.
Endurskoðendur voru kjörnir: Þórarinn Björnsson og Óthar Ellingsen. til vara Sigurður Sigurðsson

Fulltrúi félagsins í K. Í. var kjörinn Pétur Hjaltested, til vara Unnar Schram

7. Nordisk Byggedag.
Fundarstjóri skýrði frá störfum sínum í undirbúningsnefnd þeirri, sem starfað hefur að undirbúningi NBD X
Norrænn byggingardagur á Íslandi 26-28 ág. 1968. Nefnd. yfirlit.

8. Almennur félagsfundur:
Fundur taldi æskilegt að alm. félagsfundir yrðu haldnir ö[ð]ru hverju, samanber bókun 9. nóv 1966.
Tók formaður vel undir að svo geti orðið t. d. í næsta mánuði.

9. Önnur mál.
Eftirfarandi tillaga var samþ. einróma: Aðalfundur Félags ísl. byggingarefnakaupmanna lýsir óánægju sinni yfir því að engar þær tollalækkan á byggingar-efni, sem í ráði var að gera náðu fram að ganga.

10. Fundurinn benti á að hinn hái

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

byggingarkostnaðu hér á landi á að verulegu leyti rót sína að rekja til óhæfilega hárra tolla á byggingarvörum.
Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Þórarinn Björnsson
fundarstjóri.



Á almennum fundi Félags ísl. byggingarefnakaupmanna, sem haldinn var 2. mars s.l. voru neðantalin mál til umræðu og ályktunar. 1968?

1. Lánsviðskipti og innheimta.

Skýrt var frá því að stjórnin hafi athugað möguleika á samstöðu félagsmanna um innheimtu vanskilaskulda og sameiginlegrar aðstöðu til upplýsinga um vanskilamenn. Stjórnin skýrði frá því að hún hafi gert samkomulag við Lögmenn" Eyjólf K. Jónsson, Jón Magnússon og Hjört Torfason, Tryggvagötu 8, Reykjavík, um að þeir tækju að sér, fyrir þá félagsmenn F.Í.B. er þess óskuðu að koma upp hjá sér svo fullkominni vanskilaskrá, sem kostur er á, er félagsmenn ættu aðgang að. Framkvæmd þessa máls, er hugsuð þannig í stórum dráttum, að þeir félagsmenn, er á annað borð óskuðu að taka þátt í þessu, sendu lögfræðiskrifstofunni, mánaðarlega skrá yfir nöfn þeirra er í reikningsviðskiptum eru, án upphæða, en hinsvegar verði þess getið hve gamlar skuldir manna séu. Mun þá lögfræðiskrifstofan fara yfir þessar skrár mánaðarlega og láta viðkomandi aðila vita ef að á skránum eru menn, er þeir telja vafasama í viðskiptum. Einnig mun skrifstofan veita þær upplýsingar, er hún hefur tiltækar, um gjaldtraust manna, þannig að félagsmenn geta leitað til hennar um þessar upplýsingar áður en stofnað er til reikningsviðskipta við menn eða aðila, er þeir ekki þekkja til. Fyrir þessa þjónustu mun verða að greiða ca. 800 til 1200 krónur mánaðarlega, eftir nánara samkomulagi við lögfræðiskrifstofuna.

Nokkrir af félagsmönnum hafa nú þegar samið við umrædda skrifstofu um innheimtu á vanskilaskuldum. Enda þótt æskilegt væri, að flestir félagsmanna sendu vanskilareikninga sína til innheimtu á sama stað, með tilliti til ofangreindarar vanskilaskrár, þá er það ekki skilyrði fyrir þáttöku í ofnagreindu samstarfi um upplýsingar um vanskilamenn.

Félagsmenn voru á einu máli um að vanskil ykjust mjög og ásókn í lánsviðskipti færi ört vaxandi. Algengara væri nú en áður að menn létu afsegja á sig víxla. Enda þótt talin væri full þörf á að samstaða fengist um takmörkun lánsviðskipta og ákveðinna

byggingarkostnaður hér á landi á að verulegu leyti rót sína að rekja til óhæfilega hárra tolla á byggingarvörum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Þórarinn Björnsson
fundarritari.

6.

# FÉLAG ÍSL: BYGGINGAREFNAKAUPMANNA:

## Rekstrar- og efnahagsreikningur 12/5 1966 - 11/9 1967

### Rekstursreikningur

| Gjöld: | | Tekjur: | |
|---|---|---|---|
| Kostn. v. fundahöld | 31.126.00 | Ársgjöld 20 Meðlima | 40.000.00 |
| Tillag til Verzlr.Isl. | 4.800.00 | Vextir af innst. spj. | 88.58 |
| " " N.Bygg.dag | 3.000.00 | | |
| Hagnaður á árinu | 1.162.58 | | |
| | 40.088.58 | | 40.088.58 |

### Efnahagsreikningur

| Eignir: | | Skuldir: | |
|---|---|---|---|
| Inneign hjá Vörusk.fél. | 5.000.00 | Hrein eign f.f. ári | 27.892.05 |
| Innstæða í sparisj. | 24.054.63 | Hagnaður 1966 | 1.162.58 |
| | 29.054.63 | | 29.054.63 |

Reykjavik, 11. sept. 1967

Eggert Kristinsson
Gjaldkeri.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

byggingarkostnaðu hér á landi á að verulegu leyti rót sína að rekja til óhæfilega hárra tolla á byggingarvörum.
Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Þórarinn Björnsson
fundarritari.

6.

# NBD X

## Norrænn byggingardagur á Íslandi 26.-28. ágúst 1968

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Norrænn byggingardagur á Íslandi

**26.-28. ágúst 1968**

Norrænn byggingardagur, hinn tíundi í röðinni (N. B. D. X), verður haldinn í Reykjavík dagana 26. til 28. ágúst 1968. Byggingardaginn sækja fulltrúar allra greina byggingariðnaðar á Norðurlöndunum fimm svo og fulltrúar þeirra stjórnvalda, er með byggingarmál fara í hverju landanna.

N. B. D. er skammstöfun á samnorrænu heiti þessara samtaka, og eru þau meðal hinna fjölmennustu á Norðurlöndum, byggð upp af fagfélögum, samtökum í verzlun og byggingariðnaði, ásamt stjórnvöldum ríkis og sveitarfélaga.

Sameiginlegar ráðstefnur eru haldnar þriðja hvert ár, til skiptis í löndunum fimm, og verkefni þeirra eru helztu vandamál byggingariðnaðarins á hverjum tíma og þróun byggingarmála.

Fyrsti norrænn byggingardagur var haldinn í Stokkhólmi árið 1927. Ísland gerðist þátttakandi í samtökunum árið 1938, en þá var ráðstefnan haldin í Ósló. Eftir síðustu heimsstyrjöld hafa ráðstefnur N. B. D. verið haldnar í öllum höfuðborgum Norðurlanda annarra en Íslands og auk þess í Gautaborg árið 1965. Það er því fyrst nú, að aðstæður eru til þess að halda jafnstóra ráðstefnu hér á landi, en þátttakendur hafa að jafnaði verið milli eitt og tvö þúsund manns.

Á ráðstefnunni í Reykjavík á næsta ári er gert ráð fyrir, að mæti 1000 þátttakendur, en af þeim verða 7—800 frá hinum Norðurlöndunum.

Hér á landi standa 25 aðilar að N. B. D. og fulltrúaráðið skipað einum fulltrúa frá hverjum. Fulltrúaráð hvers lands skipar sér stjórn, en þær hafa með sér sameiginlega fundi til skiptis í löndunum fimm milli ráðstefnanna, og forsæti hinna sameiginlegu stjórnarfunda er hjá því landi, er næstu ráðstefnu heldur.

Að þessu sinni er því forsæti N. B. D. í höndum Íslandsdeildar samtakanna, en formaður þeirra er Hörður Bjarnason, húsameistari ríkisins. Aðalritari er Gunnlaugur Pálsson, arkitekt. Að öðru leyti skipa stjórn Íslandsdeildar N. B. D. þeir Gunnlaugur Halldórsson arkitekt, varaformaður, Axel Kristjánsson framkv.stj., gjaldkeri, Tómas Vigfússon, byggingam., Hallgrímur Dalberg, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, Sigurjón Sveinsson, byggingafulltrúi



*Frá N. B. D. VIII um „Iðnvæðingu byggingariðnaðarins" í Kaupmannahöfn 1961.*

Reykjavíkurborgar, og Sveinn Björnsson verkfr., framkv.stj. Iðnaðarmálastofnunarinnar.

Hverri ráðstefnu er valið ákveðið verkefni. Þannig var verkefni N. B. D. VIII í Kaupmannahöfn 1961 „Iðnvæðing byggingariðnaðarins" og í Gautaborg 1965 „Endurbygging bæja".

Aðalefni hins tíunda byggingardags, er hér verður haldinn á næsta ári, hefur verið nefnt „Húsakostur" (Boligform).

Fyrsta dag ráðstefnunnar verður flutt erindi um íslenzkan húsakost að fornu og nýju, dr. Kristján Eldjárn þjóðminjavörður mun ræða um „Íslenzkan húsakost á liðnum öldum" og Hörður Bjarnason, húsameistari ríkisins um „Íslenzkan húsakost seinni tíma". Að öðru leyti munu erindi þau, sem á ráðstefnunni verða flutt, fjalla um þróun byggingarmála almennt með samanburð frá Norðurlöndunum öllum.

Erindin eru þessi:

*Danmörk:*

Húsakostur nútíðar og framtíðar (Boligform i nutid og fremtid). Fyr-

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

irlesari er Philip Arctander arkitekt, forstj. Byggingarrannsóknarstofnunar Danmerkur.

*Svíþjóð:*

Hlutverk og not íbúða (Boligfunktioner). Fyrirlesari er Ragnar Uppman, prófessor við Konunglega tekniska háskólann í Svíþjóð.

*Noregur:*

Húsasmíði og tækni (Boligproduktion og -teknik). Fyrirlesari er Jan F. Reymert byggingarverkfræðingur, formaður Noregsdeildar N. B. D.

*Finnland:*

Húsnæðiskostnaður (Boligökonomi). Fyrirlesari er Olavi Lindblom, forstj. Húsnæðismálastofnunar Finnlands.

Umræður verða um hvert erindi. Framsögn hafa fjórir menn fyrir hvert þeirra, eða einn frá hverju landanna. Auk þess verða frjálsar umræður, eftir því sem tími leyfir.

Erindaflutningur og umræður fara fram í Háskólabíói fyrir hádegi ráðstefnudagana. Síðari hluta dags verða farnar kynnisferðir um borgina og nágrenni, en að ráðstefnuninni lokinni ýmsar lengri ferðir um Suður- og Norðurland.

Vegna skorts á gistirými munu um 300 hinna erlendu þátttakenda koma með skipi til landsins og búa þar, meðan í Reykjavík er dvalið. Gert er ráð fyrir, að 1—200 íslenzkir þátttakendur verði á ráðstefnunni, en hún er opin öllum þeim, er áhuga hafa á, og með einhverjum hætti sinna málum byggingariðnaðarins. Upplýsingar allar um ráðstefnuna eru látnar í té hjá Byggingaþjónustu Arktitektafélags Íslands, Laugavegi 26. Sími: 14555 og 22133.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á almennum fundi Félags ísl. byggingarefnakaupmanna, sem haldinn var 2. marz s.l. voru neðantalin mál til umræðu og ályktunar.

1. Lánsviðskipti og innheimta.

Skýrt var frá því að stjórnin hafi athugað möguleika á samstöðu félagsmanna um innheimtu vanskilaskulda og sameiginlegrar aðstöðu til upplýsinga um vanskilamenn. Stjórnin skýrði frá því að hún hafi gert samkomulag við Lögmenn" Eyjólf K. Jónsson, Jón Magnússon og Hjört Torfason, Tryggvagötu 8, Reykjavík, um að þeir tækju að sér , fyrir þá félagsmenn F.Í.B. er þess óskuðu að koma upp hjá sér svo fullkominni vanskilaskrá, sem kostur er á , er félagsmenn ættu aðgang að. Framkvæmd þessa máls, er hugsuð þannig í stórum dráttum, að þeir félagsmenn, er á annað borð óskuðu að taka þátt í þessu, sendu lögfræðiskrifstofunni, mánaðarlega skrá yfir nöfn þeirra er í reikningsviðskiptum eru, án upphæða, en hinsvegar verði þess getið hve gamlar skuldir manna séu. Mun þá lögfræðiskrifstofan fara yfir þessar skrár mánaðarlega og láta viðkomandi aðila vita ef að á skránum eru menn, er þeir telja vafasama í viðskiptum. Einnig mun skrifstofan veita þær upplýsingar, er hún hefur tiltækar, um gjaldtraust manna, þannig að félagsmenn geta leitað til hennar um þessar upplýsingar áður en stofnað er til reikningsviðskipta við menn eða aðila, er þeir ekki þekkja til. Fyrir þessa þjónustu mun verða að greiða ca. 800 til 1200 krónur mánaðarlega, eftir nánara samkomulagi við lögfræðiskrifstofuna.

Nokkrir af félagsmönnum hafa nú þegar samið við umrædda skrifstofu um innheimtu á vanskilaskuldum. Enda þótt æskilegt væri, að flestir félagsmanna sendu vanskilareikninga sína til innheimtu á sama stað, með tilliti til ofangreindarar vanskilaskrár, þá er það ekki skilyrði fyrir þáttöku í ofnagreindu samstarfi um upplýsingar um vanskilamenn.

Félagsmenn voru á einu máli um að vanskil ykjust mjög og ásókn í lánsviðskipti færi ört vaxandi. Algengara væri nú en áður að menn létu afsegja á sig víxla. Enda þótt talin væri full þörf á að samstaða fengist um takmörkun lánsviðskipta og ákveðinna innheimtuaðgerða innan tilskilins tíma, var þó ekki talið rétt, á þessu stigi málsins, að gera fundarsamþykkt um sameiginlegar reglur um reikning- og lánsviðskipti, en taka málið upp að nýju, þegar nokkur reynsla hefur fengist um ofangreint fyrirkomulag.

2. Tollabreytingar.

Stjórnin skýrði frá því að hún hafi fengið fregnir af því að í vændum væri að lagt yrði fyrir Alþingi frumvarp til laga um tollalækkanir á nokkrum vörutegundum og var fundarmönnum skýrt frá hverjar þær tillögur væru.

3. Innlagðar vörur:

Mjög hefur farið í vöxt, að viðskiptamenn, í skjóli þess að vörum fáist skilað aftur, taki út vörur fram yfir það sem til verksins þarf og það stundum all ríflega. Veldur þetta verzlunum vaxandi óþægindum og kostnaði. Var gerð einróma samþykkt um að beina því til félagsmanna, að þeir drægju 10% frá andvirði vöru , er skilað væri aftur og félagsstjórn falið að láta gera skilti, þar sem viðskiptamönnum væri vent á þessa samþykkt félagsins og að þau yrðu hengd upp í verzlunum félagsmanna.

4. Verkfræðingar.

Nokkur brögð munu vera að því að ráðgefandi verkfræðingar hafi orðið sér úti um umboð fyrir byggingarvörur. Var stjórninni falið að athuga í hve ríkum mæli þetta væri og og hverning við þessu mætti bregðast. Það mun vera í félagssamþykktum ráðgefandi verkfræðinga og arkitekta að félagsmönnum sé ekki heimilt að stunda umboðsverzlun samhliða ráðgefandi þjónustu sinni, enda í alla staði óæskilegt, bæði frá sjónarmiði innflytjenda ognotenda .

framh.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Vörusala beint frá verksmiðjum.

Á fundinum kom fram frá máningarvörukaupmönnum, mega óánægja með það fyrirkomulag á málningarsölu, að verksmiðjur selji málningu beint til notenda, þannig að sala á húsamálningu hefur að mestu flutzt frá verzlunum til framleiðenda. Þar sem marg endurteknar tilraunir málningavörukaupmanna til þess að fá verksmiðjurnar til að hætta þessu dreyfingarfyrirkomulagi, hefur engan árangur borið, var stjórninni falið að athuga allar tiltækar leiðir til að koma þessu í lag, m.a., með því að beita sér fyrir tollalækkun á erlendri málningu, er gerði þeim fært að keppa vi ð framleiðendur. Þess var einnig getið að um svipað væri að ræða hjá framleiðendum á þakpappa og saum.

Ýmislegt fleira var rætt á fundinum, sem ekki þykir ástæða til að tilgreina hér.

Stjórn félagsins beinir þeim eindregnu tilmælum til þeirra félagsmanna, er ekki voru á fundinum að lát formann ( Hjört Hjartarson) eða ritara ( Vilhjálm Björnsson) vita hið allra fyrst ef þeir vilja nota sér af ofangreindum samningum um aðstöðu til upplýsinga um vanskilamenn.

Stjórnin.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur